


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Gólfefni







GRÓÐURMOLD - 50 LTR
Fáðu fjóra en borgaðu fyrir þrjá. Stykkjaverð, kr 1290
Europris


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
29. júní 2011
149. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Ekki af baki dottnir

*Eldhestar fagna aldarfjórðungsafmæli sínu.*

**tímamót** 18

## Með elítunni á Spáni

*Spænski krónprinsinn vill vinna með Magnúsi Scheving.*

**fólk** 38



## Nýtur trausts

*Víkingar ætla að halda tryggð við Andra Marteinsson og styrkja sig.*

**sport** 34

## veðrið í dag




**VÆTA N-TIL** Í dag verður fremur hægur vindur víðast hvar en hvassara SV-lands. Úrkoma N-lands og lítilsháttar væta austantil. Hiti 5-15 stig.

**VEÐUR** 4

# Laxeldi á að skapa 50 störf

**Fyrirtækið Arnarlax undirbýr eldi á þrjú þúsund tonnum af laxi í Arnarfirði. Norskt fyrirtæki, sem vinnur um níu þúsund tonn á ári, er bakhjarl fyrirtækisins. Beðið er eftir nauðsynlegum starfs- og rekstrarleyfum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirtækið Arnarlax vinnur nú að því að fá starfs- og rekstrarleyfi fyrir eldi á þrjú þúsund tonnum af laxi í Arnarfirði. Áform eru uppi um að fullvinna afurðina á Bíldudal og myndi vinnslan skapa störf fyrir fimmtíu manns, að sögn Víkings Gunnarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Hann segir norska eldisfyrirtækið Salmus vera bakhjarl fyrirtækisins. „Þeir eru brautryðjendur í Noregi í fullvinnslu á eldisfiski og vinna um það bil átta til níu þúsund tonn árlega," segir hann. Framkvæmdastjóri Salmus er Matthías Garðarsson sem ættaður er frá Bíldudal.

„Við erum komnir með úrskurð frá Skipulagsstofnun og umsókn um starfsleyfi er komin á borð Umhverfisstofnunar og í framhaldinu fer umsókn um rekstrarleyfi á borð Fiskistofu en þetta ferli getur tekið nokkra mánuði," segir Víkingur.

> Ég veit vel að laxeldi hefur gengið brösuglega á Íslandi en þetta verður unnið með mönnum sem hafa langa reynslu í þessum efnum í Noregi.
>
> VÍKINGUR GUNNARSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ARNARLAX

Hann er, eins og aðrir sem standa á bak við Arnarlax, frá Bíldudal og segir hann að vinnslan yrði kærkomin lyftistöng fyrir þorpið.

„Bíldudalur hefur misst um 60 prósent af íbúum sínum frá því að kvótakerfið var sett á laggirnar svo það væri mjög jákvætt ef af þessu gæti orðið."

Víkingur segir að nú þegar hafi verið gerðar mælingar á öllum aðstæðum í firðinum og hafi niðurstöður þeirra verið jákvæðar.

„Ég veit vel að laxeldi hefur gengið brösuglega á Íslandi en þetta verður unnið með mönnum sem hafa langa reynslu í þessum efnum í Noregi og ekki verður anað að neinu," segir Víkingur.

Norðmenn hafa undanfarin ár stóraukið eldi á laxi og er eldislax nú 58 prósent af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða þar. Þeir fluttu út á síðasta ári 998 þúsund tonn af eldislaxi og nam útflutningsverðið rúmum 666 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar má nefna að heildarverðmæti útflutningsframleiðslu Íslendinga nam 220 milljörðum í fyrra. - jse



**ÖRNINN Í HÖFN** Seglskipið Eagle heldur frá Reykjavík áleiðis að Snæfellsnesi á föstudag. Þar mun það taka þátt í minningarathöfn um 30 bandaríska sjóliða sem týndu lífi sínu árið 1942 þegar þýskur kafbátur sökkti bandarísku herskipi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bandarískt skip í Reykjavík:

## Stærsta seglskip flotans í heimsókn

**UTANRÍKISMÁL** Bandaríska strandgæsluskipið Eagle lagðist að Miðbakka í Reykjavíkurhöfn í gærmorgun. Eagle er þrímastra seglskip sem notað er sem skólaskip, og hefur það viðkomu hér á landi af því tilefni að í ár eru liðin 75 ár síðan það var smíðað, að því er fram kemur í tilkynningu frá bandaríska sendiráðinu.

Eagle er stærsta seglskip sem siglir undir bandaríska fána, 90 metra langt, og eina rásiglda skipið í þjónustu bandarískra stjórnvalda. Það var smíðað í Þýskalandi árið 1936 og var upphaflega hluti þýska flotans. Bandaríkjamenn tóku skipið sem stríðsskaðabætur eftir seinni heimsstyrjöldina.

Skipið verður opið almenningi og boðið upp á skoðunarferðir um skipið næstu þrjá daga. - sv




Ferðablað BYKO fylgir blaðinu í dag!
BYKO

Vísinda- og menntasamstarf Íslands við ESB skilar miklu meiru en það kostar:

# Ávinningurinn tíu milljarðar

**EVRÓPUMÁL** Tíu milljarða ávinningur var af mennta- og vísindasamstarfi Íslands við Evrópusambandið síðustu fimmtán ár. Þetta kemur fram í grein Ágústs Hjartar Ingþórssonar, forstöðumanns Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands, í Fréttablaðinu í dag.

Styrkir til íslenskra aðila námu 150 milljónum evra á árunum 1995 til 2010. Það jafngildir 25 milljörðum á núverandi gengi. Öll umrædd ár hefur Ísland greitt minna í þátttökugjald en sem nemur styrkveitingum. Munurinn er 60 milljónir evra, eða tíu milljarðar króna.

> **25** milljarðar króna er upphæð styrkja til Íslendinga síðustu fimmtán ár.

Ágúst segir styrkina þó ekki vera eina ávinninginn. Aðgangur að þekkingu og samstarfi í Evrópu efli rannsókna- og þróunarstarf í landinu og geti verið enn verðmætari.

Stærsti einstaki styrkþeginn á síðustu árum er Íslensk erfðagreining, en næst á eftir kemur Háskóli Íslands. Háskólinn hefur fengið rúman milljarð í rannsóknarfé frá ESB síðustu ár. - þeb / sjá síðu 15

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

BROSANDI ALLAN HRINGINN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Bókaðu gistingu á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



*Trausti, ertu kominn með einhverjar „hárþurrkur“ á teipið?*

„Ekki frá Gauja sjálfum, en sumir leikmanna liðsins eru ansi metró fyrir framan spegilinn.“

Trausti Salvar Kristjánsson vinnur að gerð heimildarmyndar um knattspyrnuþjálfarann Guðjón Þórðarson. Guðjón hefur löngum þótt óhræddur við að láta í sér heyra í búningsklefanum.

Meintur barnaníðingur í Eyjum laus í um ár eftir að barnaníðsmyndir fundust:

# Lögregla gæti hafa gert mistök

**DÓMSMÁL** Meintur barnaníðingur í Vestmannaeyjum gekk laus í um það bil eitt ár eftir að myndir sem hann tók af fórnarlambi sínu komust í hendur lögreglu. Hann er grunaður um að hafa níðst á fórnarlambi sínu, átta ára stjúpdóttur sinni, svo mánuðum skipti.

„Sé það svo að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði staðfestur í Hæstarétti, þá hlýtur lögreglustjórinn á Selfossi auðvitað að hafa gert mistök,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi.



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

„Hins vegar er það augljóst að ég á ekki gott með að tjá mig um málið á þessu stigi, meðan Hæstiréttur hefur ekki fellt sinn dóm um gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms. Ég tel að í raun eigi að reka svona alvarleg og hryllileg mál eins og þarna er um að ræða fyrir dómstólum en ekki í fjölmiðlum,“ bætir Ólafur Helgi við og undirstrikar að enn hafi ekki verið gefin út ákæra í umræddu máli.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var umræddur maður úrskurðaður í gæsluvarðhald síðastliðinn laugardag og hefur hann kært úrskurðinn til Hæstaréttar. Í fórum hans fannst síðastliðið haust fjöldi ljósmynda og hreyfimynda sem hann hafði meðal annars tekið af sér og barninu. - jss

Samningafundur fram á kvöld:

# Flug á ekki að raskast í dag

**KJARAMÁL „Menn eru ennþá að ræða saman og vonandi boðar það eitthvað gott,“ segir Kjartan Jónsson framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Kjaradeila flugmanna hjá Icelandair var rædd hjá Ríkissáttasemjara í gærkvöldi og var fundi ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Í gærkvöldi var gert ráð fyrir að ekkert flug Icelandair yrði fellt niður í dag vegna yfirvinnubanns flugmanna sem raskað hefur flugi undanfarna daga.** - þeb



FRÍHÖFNIN Atkvæðagreiðslu um nýjan samning lýkur klukkan 11 hinn 5. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýir kjarasamningar nást:

# SFR semur við Fríhöfnina

**KJARAMÁL** Samninganefndir SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu og Fríhafnarinnar skrifuðu undir nýjan kjarasamning í gær. Hann er á svipuðum nótum og þeir samningar sem stéttarfélagið hefur gert að undanförnu.

Kjarasamningurinn framlengist til 31. janúar 2014 og felur í sér krónutölu- eða prósentuhækkanir, eftir því hvað gagnast félagsmönnum betur. Eftir á að greiða atkvæði um samninginn. - kóp

Deilur um umferð í þjóðgarði:

# Lokanir í gildi út sumarið

**FERÐIR Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði, sem skipaður var í vor vegna deilna sem staðið hafa um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, er farinn í sumarfrí. Stefnt var að því að hópurinn skilaði tillögum í júní en hann fékk frest til haustsins.**

**„Það sem ákveðið var í stjórnunar- og verndaráætlun stendur óbreytt í sumar,“ segir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Með áætluninni var ýmsum leiðum lokað, meðal annars fyrir umferð ökutækja og reiðhesta.** - mmf/ sjá Allt

# Fá réttindi Hilton-erfingja í vitanum

**Ferðafélag Íslands hefur samið um rekstur Hornbjargsvita. Fyrrum staðarhaldari kveður staðinn með eftirsjá en mun ávallt eiga uppbúna svítu þar. Staðurinn á sér ríka sögu og tengja má hann óbeint einræðisherranum Jósef Stalín.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðafélag Íslands (FÍ) tekur yfir rekstur Hornbjargsvita og mun sjá um hann næstu tíu til fimmtán árin. Frá þessu var gengið í gær. Samningurinn er við Siglingastofnun ríkisins, sem er eigandi staðarins.



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON

Ólafur Örn Haraldsson, formaður FÍ, segir rekstur vitans falla mjög vel að starfsemi félagsins. Ferðir um Hornstrandir séu einhverjar þær vinsælustu sem félagið býður upp á. Þá hafi deild félagsins á Ísafirði nýverið verið endurreist og hann vonist eftir góðu samstarfi við hana um reksturinn.

Ævar Sigdórsson yfirgefur nú Hornbjargsvita eftir nokkurra ára dvöl. Hann segir tilfinningarnar blendnar, en flutningur fjölskyldumeðlima af landi brott skýri brotthvarf þeirra. Sumarfrí síðustu ára hafi farið í vitann og það gangi ekki lengur. Fjölskyldan sé þó öll hálfpartinn í sjokki, enda hafi dvölin á Hornbjargi verið gríðarlega mikil reynsla og óvenju lærdómsrík.

„Þetta hefur verið erfitt en mjög gaman og við höfum notið þess að vera þarna. Ég skil þó við þetta í góðum höndum og vonast til að starfsemi Ferðafélagsins verði farsæl á þessum stað.“

Ævar segist þó ekki hafa sagt skilið við Hornbjargsvita fyrir fullt og allt. „Við settum í samning að við fjölskyldan ættum inn-



HORNBJARGSVITI Ferðafélag Íslands mun sjá um rekstur vitans næstu 10 til 15 árin. Ætlunin er að auka þjónustu á svæðinu, en ferðir um Hornstrandir eru gríðarlega vinsælar hjá félaginu. MYND/PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON

komu þarna svo lengi sem Ferðafélagið sæi um reksturinn. Við erum eins og Hilton-erfingjarnir, eigum alltaf uppbúna svítu þegar við erum á ferðinni,“ segir Ævar og hlær.

Ólafur Örn segir Hornbjarg hafa mikil náttúruleg sérkenni og það verði upplifun fyrir ferðamenn að gista þar. Félagið hyggist auka þjónustu á svæðinu. Hann segir staðinn ríkan af sögu og gamalgróið félag eins og FÍ vilji rækta tengslin við söguna.

„Í því skyni má nefna nafna minn Óla komma sem var þar lengi. Ég fann eitt sinn rauða stjörnu úr blikki við vitann, helvíti mikla, líklega voru einir 60 sentímetrar á milli tindanna. Þetta minnti mig á hinar fornu týndu töflur í túni sem fundust aftur og ég endurreisti hið fallna merki og kom því virðulega fyrir. Svona er staðurinn fullur af sögu og skemmtilegheitum,“ segir Ólafur, en nafni hans kommi hlaut viðurnefni sitt vegna fylgispektar við stefnu Jósefs Stalín.

kolbeinn@frettabladid.is

# Lést þegar ís hrundi á hann

Maður sem lést í slysi við íshelli í Kverkfjöllum á mánudag hét Jesus Martinez Barja. Hann var 51 árs spænskur ríkisborgari, búsettur í Hafnarfirði. Hann lætur eftir sig þrjú börn. Maðurinn var ásamt sex samlöndum sínum í íshellinum í Kverkfjöllum þegar ís hrundi á hann með þeim afleiðingum að hann lést.

Christine Lagarde skipuð:

# Yfirmaður AGS fyrst kvenna

**BANDARÍKIN** Christine Lagarde hefur verið útnefnd framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fyrst kvenna.



CHRISTINE LAGARDE

Tilkynnt var um ákvörðunina í gær, eftir að Bandaríkin og Rússland höfðu lýst yfir stuðningi við hana. Ríki eins og Kína, Indland og Brasilía studdu hana einnig. Í tilkynningu frá sjóðnum segir að bæði Lagarde og keppinautur hennar um stöðuna, Mexíkóinn Agustin Carstens, hafi verið vel hæf.

Lagarde hefur verið fjármálaráðherra Frakklands í fjögur ár, og mun taka við stjórnartaumunum hjá AGS hinn 5. júlí. - þeb

## SAMGÖNGUMÁL

### Hálendisvegir opnaðir

Nú er orðið opið um Dómadalsleið F225 og upp í Lakagíga F206. Einnig er búið að opna veginn um Kaldadal 550 og svokallaða Þríhyrningsleið sem er hluti af F910 fyrir austan.


HÓPKAUP.IS Í DAG

KAUPSTAÐARSALAT MEÐ GRILLUÐUM HUMRI

990 kr.

GILDIR Í 24 TÍMA

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~1.990~~ kr. | 50% | 1.000 kr. |

100 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Kaupstaðarsalat með grilluðum humri, mangó, melónum, jarðarberjum, grænmeti og speltbrauði. Vel útilátin og seðjandi máltíð!

www.fruberglaug.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


Biskup biður fórnarlömb afsökunar og lætur stofna rannsóknarnefnd:

# Nefndin svipuð og hjá þjóðkirkjunni

**TRÚMÁL** Biskup kaþólsku kirkjunnar, Pétur Bürcher, hefur leitað til Róberts R. Spanó lagaprófessors, sem var í forsvari fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings, og beðið hann um að velja fulltrúa í óháða rannsóknarnefnd fyrir kaþólsku kirkjuna.

Róbert tekur ekki sjálfur sæti í nefndinni en setur henni starfsreglur og markmið. Hann telur líklegt að nefndin verði skipuð þremur einstaklingum eins og rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar.

Nefndin verður að öllum líkindum skipuð fólki með sérþekkingu á sviði lögfræði og heilbrigðismála. Þar sem ásakanirnar innan kaþólsku kirkjunnar beinast einnig að starfsfólki innan grunnskóla telur Róbert líklegt að einstaklingur með sérþekkingu á þeim málum verði kallaður til.



PÉTUR BÜRCHER



RÓBERT R. SPANÓ

„Punkturinn verður að líkindum sá sami og var til staðar í hinni nefndinni, þó að ekki sé sjálfgefið að málin séu þau sömu,“ segir Róbert. Hann segir að endanleg skipun nefndarinnar muni liggja fyrir í fyrsta lagi um miðjan ágúst og stefnt sé að því að hún geti hafið störf fyrir 1. september. Nefndin skilar biskupi skýrslu um störf sín en einungis

> Punkturinn verður að líkindum sá sami og var til staðar í hinni nefndinni
>
> RÓBERT R. SPANÓ
> RANNSÓKNARNEFND KIRKJUÞINGS

verða helstu niðurstöður og tillögur nefndarinnar birtar opinberlega.

Nefndin mun rannsaka þær ásakanir sem komið hafa fram um kynferðislegt ofbeldi af hálfu þjóna kirkjunnar og starfsmanna stofnana sem henni tengjast. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá biskupi, þar sem hann biður einnig þá einstaklinga afsökunar sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu starfsmanna kirkjunnar. - sv






# Við flytjum í dag á Suðurlandsbraut 14

Útibú Íslandsbanka á Suðurlandsbraut 30 og Háaleitisbraut sameinast nú á Suðurlandsbraut 14. Nýja útibúið verður öflug miðstöð fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í nýju og glæsilegu húsnæði.

**Allir velkomnir!**



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## GENGIÐ 28.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,68 | 116,24 |
| Sterlingspund | 184,68 | 185,58 |
| Evra | 165,07 | 165,99 |
| Dönsk króna | 22,127 | 22,257 |
| Norsk króna | 21,165 | 21,289 |
| Sænsk króna | 17,831 | 17,935 |
| Japanskt jen | 1,4305 | 1,4389 |
| SDR | 183,91 | 185,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,4307

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dýraverndunarsamtök krefja Keflavíkurflugvöll skýringa á brotthvarfi auglýsinga:

# Auglýsingar hvalavina horfnar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórnendur Keflavíkurflugvallar hafa nú fjarlægt auglýsingar dýraverndunarsamtakanna International Fund for Animal Welfare (IFAW). Samtökin gagnrýna stjórnendur vallarins harðlega og saka þá um ritskoðun.

Lögmenn IFAW skoða nú hvort Keflavíkurflugvöllur eigi að endurgreiða samtökunum um 550 þúsund krónur sem greiddar voru fyrir fjögurra mánaða samning um birtingu auglýsinganna.

Að sögn IFAW hefur Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Leifsstöðvar, hringt tvívegis í samtökin og sett þeim úrslitakosti; breyta auglýsingunum eða fjarlægja þær. Við því brugðust samtökin ekki.

Auglýsingarnar eru hluti af átaki gegn áti á hvalkjöti og er þeim beint að ferðamönnum. Samtök hvalaskoðunarfélaga á Íslandi voru með IFAW í átakinu.

IFAW saka stjórnendur Keflavíkurflugvallar um ritskoðun á auglýsingum sem búið er að greiða fyrir. Þeir hafa farið fram á það við stjórnendur Leifsstöðvar að fá frekari útskýringar á meintum breyttum forsendum, en segja engin svör hafi borist. - sv



**EKKI BORÐA HVAL** Auglýsingarnar í Leifsstöð hvöttu fólk til að hitta hvalinn frekar en að leggja hann sér til munns.

Losar sig við aflandskrónur:

# Seðlabankinn kaupir evrur

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands keypti í gær 61,74 milljónir evra, sem jafngilda 12,97 milljörðum króna, í seinna skrefi fyrsta gjaldeyrisútboðs bankans.

Útboðið er liður í losun gjaldeyrishafta en í fyrra skrefinu gaf Seðlabankinn eigendum aflandskróna færi á að losna við þær. Þá keypti bankinn 13,37 milljarða króna.

Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn fá kaupendur afhent verðtryggð ríkisverðbréf. - mþl

# Framtíðarsýn byggir á nýjum virkjunum

**Arðgreiðslur frá Landsvirkjun gætu fjármagnað alla háskóla landsins, löggæslu og dómstóla. Margar forsendur þurfa að ganga upp, segir forstjóri fyrirtækisins. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um fjármögnun nýrra virkjanaframkvæmda.**

**IÐNAÐUR** „Framtíðarsýnin byggir á því að nýjar virkjanir verði byggðar. Ef ekkert verður byggt þá verður sagan önnur. En það verður ekkert slæm saga," segir Ásgeir Jónsson, sérfræðingur hjá fjármálafyrirtækinu GAMMA og einn höfunda skýrslu um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035.

Í skýrslunni kemur fram að áætlaðar arðgreiðslur Landsvirkjunar til ríkissjóðs geti numið allt frá 30 til 112 milljörðum króna á ári. Allt fer það eftir því hvenær ráðist verði í nýjar framkvæmdir, hvort sæstrengur verði lagður héðan til meginlands Evrópu, þróun raforkuverðs, nýjum samningum um raforkusölu og endurnýjun á eldri samningum. Hæsta arðgreiðslan er álíka há og hið opinbera leggur til allra framhalds- og háskóla landsins, menningar, íþrótta- og trúmála auk löggæslu, dómstóla og fangelsa.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur áður boðað þessa sömu framtíðarsýn. Hann segir hana öðru fremur mikilvæga svo hægt verði að ákveða hvert stefna eigi með Landsvirkjun.

Framtíðarsýn Landsvirkjunar gerir sem fyrr ráð fyrir tvöföldun raforkuframleiðslu á næstu fimmtán árum, niðurgreiðslu skulda og að arðgreiðslur hefjist fyrir árið 2020. Hörður segir margar forsendur verða að ganga upp til að framtíðarsýn Landsvirkjunar geti orðið fyllilega að veruleika.

Hann bendir á að Landsvirkjun sé enn of skuldsett og því sé ein forsendan sú að þegar viðunandi skuldahlutfalli verði náð muni arður verða greiddur út. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að ríkissjóður fái fyrstu arðgreiðsluna eftir tvö ár og verði hún um fjórðungur af landsframleiðslu.

Árið 2021 munu þær aukast hratt og gætu farið í um fjögur til sex prósent af landsframleiðslu áratug síðar þegar fyrirhuguðu framkvæmdatímabili Landsvirkjunar lýkur, segir Hörður.

Ekki hafi verið lagðar fram áætlanir um fjármögnun virkjanaframkvæmda þótt þeirra sé getið í skýrslu GAMMA. „Við gerum aðeins ráð fyrir að hafa aðgang að fjármagninu þegar þar að kemur, það er sérstakt verkefni," segir Hörður. jonab@frettabladid.is



**FRÁ KYNNINGU SKÝRSLUNNAR** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir áætlanir um fjármögnun virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar næstu fimmtán árin ekki hafa verið lagðar fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nokkrar forsendur

*Í skýrslu GAMMA um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035 eru nokkrar forsendur.*

- Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun muni nýta handbært fé frá rekstri til að greiða niður eldri lán og draga úr skuldsetningu.
- Gert er ráð fyrir að álag á eldri lánum haldist óbreytt og að álag á nýjum lánum verði svipað og í síðustu útgáfum Landsvirkjunar og í samræmi við nýja skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs.
- Við mat á arðgreiðslugetu er gert ráð fyrir að nettóskuldir verði fjórfaldur rekstrarhagnaður – svipað og hjá sambærilegum fyrirtækjum erlendis.


**BÁG STAÐA** Óttast er um hag barna í Dadaab-flóttamannabúðunum og gangast Barnaheill fyrir neyðaraðstoð þeim til hjálpar. MYND/BARNAHEILL

Neyðarástand að skapast:

# 800 börn flýja neyð daglega

**KENÍA** Samtökin Barnaheill – Save the Children gangast fyrir neyðaraðstoð til að hjálpa börnum í Austur-Afríku sem eru í hættu vegna yfirvofandi hungursneyðar. Í tilkynningu frá Barnaheillum segir að um 800 börn bætist á hverjum degi við hóp flóttafólks í Keníu. Fólkið flýr mikla þurrka og versnar ástandið stöðugt. - þj

Vörslusvipting bifreiða:

# Ráðherra varar við lögbrotum

**DÓMSMÁL Sá sem telur sig eiga skýlausan rétt á að fá umráð eignar sem er í vörslu annars þarf almennt að leita til opinbers aðila til að fá heimild sína staðfesta. Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við erindi Samtaka lánþega um vörslusviptingu bifreiða. Ráðherra segir að verði aðfararbeiðni hafnað sé gerðarbeiðanda óheimilt að taka eign í sína vörslu þar til leyst hafi verið úr ágreiningi aðila.** - ibs

### LEIÐRÉTTING

E.coli bakterían var ranglega sögð veira í fréttaskýringu um áhrif hennar á spænska grænmetisbændur í Fréttablaðinu á mánudag.



**BYKOVERSLUN** Versluninni í Kauptúni verður lokað í september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjölskyldan tekur stjórnina:

# Loka Byko-búð og segja upp 20

**VERSLUN Rúmlega tuttugu starfsmönnum Byko í Kauptúni í Garðabæ hefur verið sagt upp og versluninni verður lokað í september. Þá hefur Sigurður E. Ragnarsson, forstjóri fyrirtækisins, látið af störfum.**

**Í tilkynningu frá Byko kemur fram að fjölskyldan sem staðið hafi að baki rekstrinum frá byrjun ætli að taka alfarið við stjórnartaumunum. Guðmundur H. Jónsson, sonur Jóns Helga Guðmundssonar aðaleiganda, tekur við forstjórastarfinu.** - þeb

Gæsluvarðhald framlengt:

# Ákærður fyrir tvær nauðganir

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann sem er gefið að sök að hafa nauðgað tveimur ungum konum. Hæstiréttur framlengdi í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir honum til 22. júlí.

Maðurinn er talinn hafa nauðgað nítján ára stúlku í heimahúsi og beitt hana öðru ofbeldi. Hann er einnig grunaður um að hafa nauðgað sautján ára stúlku í lok mars. Annar maður tók þátt í fyrrnefnda athæfinu, en var ekki ákærður þar sem hinn var talinn hafa stjórnað atburðarásinni. - jss

...endilega fáið ykkur

Hrísmjólkin frá MS fæst í þremur ljúffengum bragðtegundum; rifsberja- og hindberja, karamellu- og gömlu góðu kanilsósunni.

Eftirlæti

...hvert er þitt eftirlæti?




www.ms.is

## VEÐURSPÁ


**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR N-TIL**
Væta norðanlands í dag og örlítið á morgun en ef allt gengur að óskum verður bjart og hlýtt norðanlands á föstudag. Þangað til verður fremur bjart sunnanlands en fer að rigna sunnantil á föstudag. Hvessir eitthvað á föstudaginn á Suður- og Norðvesturlandi.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt

FÖSTUDAGUR
Byrjar hægt en hvessir með deginum

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 23° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

SHIFT_ the way you move

NISSAN

# FJÖLSKYLDUBORGAR-SVEITASPORTJEPPI




## NISSAN QASHQAI

Þessi vinsæli sportjeppi er nú fáanlegur bæði í 5 og 7 manna útgáfum. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**www.nissan.is**

**Sjálfskiptur**
**Fjórhjóladrif með LOCK stillingum**
**Ríkulegur búnaður**
**Meðaleyðsla 8,0 l/100km**

Verð frá **5.240 þús. kr.**

ENNEMM / SÍA / NM47293

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**KJÖRKASSINN**



*Veiðir þú á stöng?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 40,6% |
| NEI | 59,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sefur þú í gömlu rúmi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Utanríkisráðherra fundaði með Stefan Füle, Mariu Damanaki og Olli Rehn:

# Hagsmunamál Íslands rædd

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra átti, í framhaldi af ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og Íslands í Brussel, fundi með Stefan Füle, stækkunarstjóra í framkvæmdastjórn ESB, Mariu Damanaki, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni, og Olli Rehn, sem fer með efnahags- og gjaldeyrismál.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Á fundi hans með Füle stækkunarstjóra ítrekaði Össur þann vilja Íslendinga að hefja viðræður um allt að helming samningskaflanna fyrir árslok, þar á meðal samningskaflann um sjávarútveg og landbúnað. Þeir ræddu einnig önnur efnisatriði og fyrirkomulag aðildarviðræðnanna.

Á fundi Össurar með Mariu Damanaki ræddu þau endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB, samningaviðræðurnar fram undan og stöðuna í makrílviðræðum Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Evrópusambandsins.

Loks kynnti Össur efnahagsáætlun Íslands fyrir Olli Rehn, en Rehn gerði grein fyrir aðgerðum ESB til að tryggja efnahagsstöðugleika á evrusvæðinu og breytingum á fjármálaregluverki ESB.

Á ríkjaráðstefnu ESB og Íslands á mánudaginn var samningaviðræðum um aðild Íslands að ESB hrundið úr vör með opnun fjögurra fyrstu samningskaflanna. **- gb**

Var í vímu undir stýri:

# Ók viljandi á bíl og slasaði fólk

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir vímuefnakstur og að stofna lífi tveggja einstaklinga í hættu.**

**Maðurinn ók bíl inn á bílastæði við Frostafold í Reykjavík, þá undir áhrifum fíkniefna. Hann ók vísvitandi á bifreið sem stóð á planinu. Þegar hann ók á bifreiðina sat fólkið, sem hann stofnaði í hættu, á vélarhlíf hennar.**

**Við höggið kastaðist bifreiðin sem fólkið sat á rúmlega tvo metra áfram með þeim afleiðingum að fólkið marðist og tognaði. - jss**



**KJÚKLINGABAUNIR** Ekki eru fluttar baunir frá Frakklandi eða Þýskalandi hingað til lands. NORDICPHOTOS/GETTY

Sjóðið til að varast sýkingu:

# Fólki ráðlagt að sjóða spírurnar

**HEILBRIGÐISMÁL Matvælastofnun ráðleggur neytendum að skola vel og sjóða allar hráar spírur og baunir. Nýlega komu upp sýkingar í Evrópu af völdum E. coligerla sem raktar voru til neyslu á hráum spíruðum fræjum og baunum. Flestir sem veiktust höfðu etið hráar spírur og tengdust á einhvern hátt Þýskalandi.**

**Engar slíkar sýkingar hafa greinst hér á landi. Engar baunaspírur eru fluttar hingað frá Þýskalandi eða Frakklandi. - sv**

Þátttakendur fá endurgreitt:

# Hætt við prinsessunámskeið

**SAMFÉLAGSMÁL** Anna Friðrika Gunnarsdóttir, forsvarskona Prinsessuskólans, hefur nú ákveðið að hætta við námskeiðin eftir harða gagnrýni í fjölmiðlum undanfarna daga.

Fyrirtækið Útlit.is stóð fyrir svokölluðu prinsessunámskeiði fyrir stúlkur niður í átta ára aldur. Á námskeiðinu áttu stúlkurnar meðal annars að læra hand- og fótsnyrtingu, samkvæmisdansa, borðsiði, að farða sig og klæða. Námskeiðin voru harðlega gagnrýnd og sögð ala á undirgefni ungra stúlkna. Í kjölfarið ákvað Anna að hætta við Prinsessuskólann. **- sv**

# Óeirðir meðan þingmenn ræða sparnað

**Gríska þingið tekur í dag afstöðu til aðhaldsfrumvarps stjórnarinnar. Allsherjarverkfall hefur lamað landið og óeirðir geisa fyrir utan þinghúsið í Aþenu. Frumvarpið felur í sér skattahækkanir, niðurskurð og sölu ríkiseigna.**

**GRIKKLAND, AP** Tveggja daga allsherjarverkfall hófst í Grikklandi í gær og heldur áfram í dag, meðan þingmenn í Aþenu ræða um aðhaldsáform stjórnarinnar. Harðar óeirðir brutust út fyrir utan þinghúsið í gær, þar sem tugir þúsunda manna komu saman til að mótmæla skattahækkunum og sársaukafullum niðurskurði á ríkisútgjöldum.

Giorgios Papandreú forsætisráðherra reynir að tryggja stuðning þingsins við aðhaldsaðgerðir upp á 38 milljarða evra, en það samsvarar um 6.400 milljörðum króna.

Aðgerðapakkinn gerir ráð fyrir skattahækkunum upp á 14,1 milljarð evra og niðurskurði útgjalda upp á 14,3 milljarða, en að auki er stefnt að sölu ríkiseigna fyrir 50 milljarða á næstu fjórum árum.

Þingið þarf að samþykkja þennan sparnaðarpakka til að Grikkland fái næstu útborgun úr neyðarsjóði Evrópusambandsins, samtals 12 milljarða evra, sem stefnt er að að greiða út snemma í júlí.

Mikil andstaða er engu að síður við frumvarpið, bæði meðal þjóðarinnar og inni á þingi. Þótt sósíalistastjórn Papandreús hafi fengið að samþykkta traustsyfirlýsingu á þingi í síðustu viku er andstaða við frumvarpið einnig mikil innan stjórnarflokksins PASOK.

Tveir þingmenn úr stjórnarliðinu hafa lýst því yfir að þeir ætli ekki að samþykkja frumvarpið, en stjórnin er með aðeins fimm þingmanna meirihluta þannig að mjótt er á mununum að það verði fellt.

Verkalýðsfélögin efndu til tveggja daga allsherjarverkfalls, sem hófst í gær en lýkur í dag, sama daginn og þingið hyggst afgreiða aðhaldsfrumvarpið.

Verkfallið hefur að nokkru lamað þjóðlíf í landinu. Almenningssamgöngur hafa legið nær alveg niðri og opinber þjónusta sömuleiðis.

Um tuttugu þúsund manns komu saman á Syntagmatorginu í Aþenu í gær til að efna til friðsamlegra mótmæla, en þau snerust fljótlega upp í óeirðir. Hópar grímuklæddra mótmælenda komu til leiks greinilega búnir undir átök, vopnaðir bareflum og jafnvel skjöldum.

Þeir brutu meðal annars rúður í verslunum, kveiktu í bílum og réðust sumir hverjir gegn lögreglunni.

gudsteinn@frettabladid.is



**HÖRÐ ÁTÖK** Mótmælandi og lögreglumaður takast á í miðborg Aþenu. NORDICPHOTOS/AFP

## Eins og að ganga á vegg

Tvær íslenskar systur á þrítugsaldri, Agnes og Aníta Guðjónsdætur, lentu í iðu átakanna í gær á Syntagmatorginu fyrir framan þinghúsið í Aþenu. Þær fengu yfir sig táragas en varð að öðru leyti ekki meint af.

„Þegar við komum út úr lestarstöðinni var það eins og að ganga á vegg," segir Agnes. Maður gat ekki andað og sveið í augun, þannig að fólk fór bara aftur niður í næstu lest."

Þær þurftu að fara eftir krókaleiðum heim á hótel sitt, sem er skammt frá Syntagmatorginu. „Hér eru næstum því allar götur lokaðar, lögga á hverju horni og aðeins nokkrar lestir sem ganga."



**STJÓRNLAGARÁÐ** Ráðið hefur afgreitt mannréttindakafla A-nefndar inn í áfangaskjal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfangaskjal að fæðast:

# Mannhelgi í stjórnarskrána

**STJÓRNSÝSLA** Ákvæði um mannlega reisn, að allir skuli njóta mannhelgi, ítarlegt ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnsýslu og nýtt ákvæði um frelsi fjölmiðla er meðal þeirra nýjunga sem finna má í mannréttindakafla A-nefndar stjórnlagaráðs. Ráðið hefur nú afgreitt kaflann í áfangaskjal.

Gert er ráð fyrir mun ítarlegri kafla um mannréttindi og einnig er nýtt ákvæði um tjáningarfrelsi. Þar er kveðið á um að tryggja skuli aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Einnig er kveðið á um frelsi menningar og mennta og um menningarleg verðmæti, svo eitthvað sé nefnt. **- kóp**

Sjálfsvígsárás í Afganistan:

# Tíu létust í árás á hótel í Kabúl

**AFGANISTAN, AP Að minnsta kosti tíu manns létu lífið þegar sjálfsvígsárás var gerð á hóteli í Kabúl, höfuðborg Afganistans, í gær.**

**Þrír árásarmenn féllu og í kjölfarið brutust út átök milli annarra árásarmanna og lögreglu. Einn árásarmannanna sprengdi sig upp í anddyri hótelsins, annar á annarri hæð og sá þriðji bak við hótelið, sem er mikið notað af vestrænum gestum í borginni. Talibanahreyfingin sagðist í gær bera ábyrgð á árásinni. - gb**







Í dag opna Icelandair Hotels glæsilegt heilsárshótel á Akureyri með góðum veitingastað og frábærri aðstöðu fyrir ferðamenn allt árið. Sérstakt stolt staðarins er fallegur garður þar sem skíðafólk jafnt sem sumarferðalangar geta látið fara vel um sig, pantað sér hressingu og notið lífsins.

Verið velkomin á Icelandair Hótel Akureyri allan ársins hring!

Nánari upplýsingar og bókanir:
www.icelandairhotels.is eða í síma 444 4000.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA KEFLAVÍK HENGILL FLÚÐIR KLAUSTUR HÉRAÐ AKUREYRI HAMAR

# BESTU FLUGURNAR!

## JÁ, ÞÚ FÆRÐ ALLAR BESTU FLUGURNAR Á BETRA VERÐI HJÁ OKKUR

Í sérverslun fluguveiðimannsins á netinu, Flugan.is, færðu á fjórða hundrað gerðir af vönduðum, vel hnýttum og veiðnum flugum. Flestar þeirra færðu einnig í Veiðihorninu, Síðumúla 8.




**KANNASTU VIÐ ÞESSAR?**

Fransis, Snælda, Blue Charm, Avatar, Collie Dog, Green Butt, Bismo, Flæðarmús, Hairy Mary, Peacock, Killer, Sunray Shadow, Kötturinn, Green Brahan, Black & Blue, Skröggur, Rusty Rat, Randy Candy, Mýsla, Leonardo, María, Colburn Special, Black Ghost, Krókur, Black Labrador, Héraeyra, Skógá, Green Highlander, Kolskeggur, Blue Sheep, Undertaker, Iða, Hólmfríður, Haugur, Gray Ghost, Nagli, Nobbler, Super Tinsel, Red Butt, Black Sheep, Dimmblá, Rektor, Crossfield, Laxá Blá, Dýrbítur, Þingeyingur, Alder, Montana, Black Gnat, Dark Side of the Moon, Stardust, Alda, Dentist, Silver Sheep, Munroe Killer, Rocket, Alma Rún, Watson Fancy

Flugan.is

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410





**FJÖR Í BREKKUNNI** Landsmótsgestir hafa fylgst vel með því sem fram fer á keppnisvellinum og fagnað ákaft þegar vel tekst til. FRETTABLADID/HILDA KAREN

# Aldrei fleiri hross á landsmóti en í sumar

**Mótshald á Landsmóti 2011 sem stendur yfir í Skagafirði hefur gengið mjög vel og hestakosturinn er sagður „algjör veisla“. Athygli vekur hve unga fólkið er vel ríðandi og stendur sig vel á keppnisvellinum. Um 1.000 hross eru skráð til leiks.**

**HESTAMENNSKA** „Það hafa aldrei verið fleiri hross á landsmóti,“ segir Haraldur Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts 2011, sem nú stendur yfir á Vindheimamelum í Skagafirði.

Um þúsund hross eru skráð til leiks á mótinu og segir Haraldur að þessi fjöldi stafi af meiri þátttöku og færri afskráningum heldur en oft áður.

„Við getum því ekki annað sagt en að við höfum greint þörfina fyrir landsmót rétt, að hún sé mikil.“

Haraldur segir blómstrandi mannlíf vera á mótssvæðinu. Að vísu hafi svolítil gjóla verið undanfarna daga, en veðurspáin fyrir helgina sé ljómandi góð.

„Það á að ganga í austanátt sem boðar blíðu í Skagafirðinum.“

Um fimm þúsund miðar höfðu verið seldir á mótið um miðjan dag í gær. Haraldur segir það fara fram úr björtustu vonum, því straumurinn liggi yfirleitt á landsmótsstað á fimmtudag og föstudag.

„Aðstaðan hér er frábær“, segir Haraldur spurður út í aðstæður til landsmótshalds á Vindheimamelum. „Skagfirðingar eru búnir að koma hér upp prýðisaðstöðu að öllu leyti enda kunna þeir það. Hér er fjöldi landsmótsgesta í tjöldum, tjaldvögnum og hjólhýsum. Ég hugsa að notkun á slíkri gistiaðstöðu hafi aukist ef eitthvað er. Auðvitað eru svo öll gistirými í nágrenninu full en við virðumst vera með töluvert meiri fjölda hér í byrjun móts heldur en var 2006.“



**Á VELLINUM** Það hefur verið hart barist um hvert sæti það sem af er landsmótinu.

Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, segir mótshaldið hafa gengið afskaplega vel.

„Andrúmsloftið í Skagafirði og svæðið hafa boðið menn velkomna og hér er allt eins og best verður á kosið. Hestakosturinn er alveg frábær, algjör veisla. Sérstaka eftirtekt mína hefur vakið hve börn, unglingar og ungmenni eru feikilega vel ríðandi og flinkir knapar. Það er gaman að sjá það.“

**jss@frettabladid.is**

Netið í símanum er ódýrara en þú heldur

Venjulega kostar dagurinn aðeins 25 kr./5 MB.

Prófaðu í dag á 0 kr. ef þú ert viðskiptavinur Símans.

Síminn

Notkun á Íslandi, 100 MB innan dagsins. Greidd eru mán.gjöld skv. verðskrá.

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



(fullt verð 22.990)

**SALOMON VEGA MID GORE-TEX**

Gönguskór með Gore-tex vatnsvörn. Mjúkur Contagrip sóli með góðu gripi. Dömu- og herrastærðir.

**19.990**






**MCKINLEY ALPHA 4**

Fjölskyldutjald með svefnplássi fyrir 4. Ytra tjald: 3.000 mm vatnsheldni. Gólf: 5.000 mm vatnsheldni. Hæð: 185 cm. Þyngd: 9,6 kg.

**MCKINLEY ALPHA 5**

Fjölskyldutjald með svefnplássi fyrir 5. Ytra tjald: 3.000 mm vatnsheldni. Gólf: 5.000 mm vatnsheldni. Hæð: 200 cm. Þyngd: 11,7 kg.

**39.990** (fullt verð 49.990)




(fullt verð 44.990)

**36.990**

**6.900** SKEMMTILEGAKORTIÐ 2011

**2 FYRIR 1** FJÖLSKYLDUSKEMMTUN UM ALLT LAND!

**www.skemmtilegakortid.is**




**FYLGIR FRÍTT**

**MEÐ ÚTIVISTARVÖRUM**

ef verslað er fyrir 20 þúsund eða meira.*

*Gildir ekki með tilboðsvörum.

**15.990**



**MCKINLEY CAMPING SET**

Útilegusett: Borð og 4 stólar.

**12.990**



**MCKINLEY BORA 45**

45 lítra göngu-bakpoki.



**MCKINLEY NEVADA 3**

Tjald með svefnplássi fyrir 3. Ytra tjald: 3.000 mm vatnsheldni. Gólf: 10.000 mm vatnsheldni. Þyngd: 3,9 kg. Hæð: 125 cm.

**15.990**

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO • www.expo.is



**LEITAR AÐ JARÐSPRENGJUM** Jórdönsk kona leitar að jarðsprengjum nálægt landamærum Sýrlands, þar sem stefnt er að því að hreinsa 104 kílómetra langt svæði alveg af sprengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvítabjörninn sem var felldur í Rekavík reyndist illa haldinn miðað við árstíma:

# Grindhoruð þriggja ára birna

**NÁTTÚRA** Hvítabjörninn sem var felldur í Rekavík á Hornströndum í byrjun maí var ríflega þriggja ára gömul birna. Hún var við það að verða kynþroska; 95 kíló og 173 sentimetrar að lengd.

Birnan var skotin úr þyrlu Landhelgisgæslunnar tæpum sex tímum eftir að hún sást fyrst á vappi í fjörunni í Hælavík. Björninn var fluttur samdægurs til Reykjavíkur og afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands.

Karl Skírnisson, dýrafræðingur á Tilraunastöðinni á Keldum, sá um rannsóknir á dýrinu ásamt fleirum. Birnan er talin hafa fylgt móður fram á seinni hluta vetrar 2010 en eftir það hafi hún þurft að standa á eigin fótum. Gróflega áætlað nam fituforði birnunnar ekki nema um fimm prósentum af líkamsþyngd sem telst óeðlilega lítið miðað við árstímann. Útilokað er að þessi óverulegi fituforði hefði nægt birnunni til að tímgast í ár. Krufning leiddi ekkert annað óeðlilegt í ljós.

Birnan hafði ekkert étið áður en hún var felld en nokkrar gráleitar vængfjaðrir, væntanlega af fýl, fundust í maga og nokkrar bringufjaðrir af svartfugli fundust aftast í meltingarveginum. Það bendir til þess að birnan hafi ekki verið alveg nýkomin í land. - shá



**HÆLAVÍKURBANGSINN** Nokkrar fuglsfjaðrir fundust í maga og meltingarfærum birnunnar. MYND/LHG

Kanna fátækt í Danmörku:

# Fjölgun í hópi fátækra barna

**DANMÖRK** Um 65 þúsund dönsk börn bjuggu við fátækt árið 2009 og hefur þeim fjölgað stórlega frá árinu 2002. Þetta kemur fram í frétt danska ríkisútvarpsins. Samkvæmt Efnahagsráði verkalýðshreyfingarinnar óx hlutfall fátækra barna um 51 prósent.

Viðmið OECD, sem notuð eru í þessari könnun, skilgreina heimili sem fátækt ef tekjur þess eru undir 50 prósentum af meðaltekjum. Aukningin er rakin til þess að styrkir og framlög til tekjulágra hafa lækkað. - þj



**SKATTASKJÓL** Svalbarði verður ekki eins aðlaðandi fyrir stórfyrirtæki eftir breytingar á skattalögum.

Skattabreytingar í Noregi:

# Svalbarði ekki skattaparadís

**NOREGUR Nýjum lögum um fyrirtækjaskatt á Svalbarða er ætlað að koma í veg fyrir að stórfyrirtæki nýti sér eyjuna sem skattaskjól.**

**Hingað til hefur skatthlutfallið verið 16 prósent í stað 28 prósenta eins og gerist á meginlandi Noregs, en nú mun sérstaki skatturinn einungis gilda um fyrirtæki með árstekjur undir 10 milljónum norskra króna.**

**Aftenposten nefnir fyrirtækið Seadrill. Á vegum þess er einn starfsmaður á Svalbarða og sér um útleigu á tveimur olíuborpöllum. Á síðasta ári sparaði sú starfsemi um 85 milljónir norskra króna í skattgreiðslur, um 1,8 milljarð íslenskra.** - þj

# Ásókn í störf hjá álverunum

**Fimm manns sóttu um hvert laust sumarstarf hjá álveri Alcoa á Reyðarfirði. Bæði Alcoa og Norðurál þurfa að vísa skólafólki frá í hundraðavís. Fjórir af hverjum tíu sem fá vinnu í Fjarðaáli koma úr öðrum landshlutum.**

**ATVINNUMÁL** Alcoa og Norðurál, sem starfrækja álverin á Reyðarfirði og á Grundartanga, þurftu að hafna mörg hundruð manns sem sóttu um sumarvinnu í álverunum í sumar. Fimm sóttu um hvert starf sem Fjarðaál auglýsti. Norðurál takmarkaði auglýsingar um störf við Vesturland vegna aðsóknar undanfarinna ára.

Í sumar eru um eitt hundrað ungmenni í sumarvinnu í álverinu á Reyðarfirði en 165 hjá álverinu á Grundartanga.

Elín Jónsdóttir, sérfræðingur í mannauðsteymi Fjarðaáls, segir að fyrirtækinu hafi borist um 500 umsóknir. Flestar hafi verið frá framhalds- og háskólanemum á aldrinum átján til 25 ára. Sex af hverjum tíu koma af Austurlandi en 40 prósent úr öðrum landshlutum.

„Þessir krakkar koma víðs vegar að en þau eiga flest tengingu hingað á svæðið. En þetta er gríðarlegur fjöldi sem sýnir þessari vinnu áhuga," segir Elín. Hún segir jafnframt að á umsækjendum sé að heyra að litla vinnu sé að fá og margir njóti þess að hafa unnið áður hjá fyrirtækinu.



**STÓRIR VINNUSTAÐIR** Sumarvinna er ekki sjálfsögð eins og kemur fram í fjölda umsókna um sumarstörf álveranna á Reyðarfirði og á Grundartanga. SAMSETT MYND/RÓSA

Mikið er talað um samfélagsleg áhrif þess að stór fyrirtæki rísi. Elín segir að þessu megi finna stað enda sé alltaf viss hópur sem ílengist eftir að hafa unnið í álverinu með skóla. „Sumir verða um kyrrt af því að það er erfiðara fyrir marga að fara í skóla þar sem þeir njóta ekki sama stuðnings frá foreldrum sínum og þeir gerðu fyrir hrun."

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að sumarstörf hafi aðeins verið auglýst á Vesturlandi en reynsla liðinna ára sýni að þegar auglýst sé á landsvísu sæki fimm til sex um hvert starf. Þrátt fyrir takmarkaðar auglýsingar sóttu vel yfir 300 manns um 165 sumarstörf hjá fyrirtækinu.

Stefna Norðuráls er að starfsfólk komi sem mest úr nágrannabyggðum en um 80 prósent starfsmanna eru búsett á Akranesi, í Borgarnesi og nærsveitum. Þessi stefna nær einnig yfir ráðningar sumarstarfsfólks.

„Þessi störf hjá okkur eru umsetin enda möguleiki á ágætis tekjum yfir sumarið," segir Ragnar sem bætir við að hluti starfsfólksins hafi menntað sig í beinu sambandi við sumarstörf í álverinu og skili sér seinna sem menntaðir fastráðnir starfsmenn. svavar@frettabladid.is

Landsbankinn fjármagnar byggingu hótels á Akureyri

Við óskum Eignasamsteypunni og Icelandair Hótel
til hamingju með opnun nýs hótels á Akureyri.
Landsbankinn er hreyfiafl í atvinnulífinu og öflugur
samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja.



Ákærð fyrir fíkniefnasmygl:

# Með e-töfluduft falið innvortis

**DÓMSMÁL Íslensk kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnasmygls. Konunni er gefið að sök að hafa í janúar staðið að innflutningi á 144,68 grömmum af e-töfludufti ætluðu til sölu hér á landi í ágóðaskyni.**

**Fíkniefnin, sem unnt er að framleiða úr um 1845 e-töflur, flutti konan innvortis til Íslands. Hún kom í flugi frá Kaupmannahöfn en var handtekin við komuna til Keflavíkurflugvallar.**

- jss

Sýning um Jörund hundadagakonung í hans gamla heimili í Landsyfirréttarhúsinu við Austurstræti 22:

# Jörundur snúinn aftur í Austurstrætið

**MENNING** Jörundi hundadagakonungi er gert hátt undir höfði á nýjum veitingastað, Happi, við Austurstræti 22. Segja má að Jörundur sé snúinn aftur heim, en hann dvaldi í húsinu sumarið 1809, eftir að hafa tekið völdin hér á landi.

Kristján Vigfússon, einn eigenda Happs, segir að sögu Jörundar séu gerð skil á sýningu í húsinu, enda sé það við hæfi á hans gamla heimili. Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, ritar texta sýningarinnar, en hún hefur öðrum fremur rannsakað sögu Jörundar.

Jörundur steig hér á land í lok júní 1809 og rauf einokun Dana, en hann var í fylgd bresks sápukaupmanns. Hann gekk ásamt nokkrum sjóliðum á fund Trampe greifa, æðsta fulltrúa Danakonungs, og tók í raun völdin á landinu. Segja má að hann hafi skrifað stjórnarskrá fyrir landið, sem meðal annars kvað á um kosningarétt til handa öllum. Valdatíð hans varð þó endalepp en böndum var komið yfir hann í lok ágúst sama ár og hann tók við völdum. Hefur valdatíð hans verið kennd við hundadaga.

Austurstræti 22 er eitt þeirra húsa sem skemmdist í brunanum árið 2007. Það hefur nú verið endurreist og miklar endurbætur hafa átt sér stað á reitnum.

- kóp



**AUSTUSTRÆTI 22** Landsyfirréttarhúsið gamla hefur fengið aftur sitt virðulega yfirbragð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**RÍTALÍN** Nú þarf að framvísa lyfjaskírteini til þess að fá rítalíni ávísað hjá lækni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Landlæknir breytir reglum:

# Þurfa skírteini vegna rítalíns

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt nýjum tillögum landlæknis verður gerð krafa um að allir á methylhpenidat-lyfjum (rítalíni) séu með lyfjaskírteini til að fá þeim ávísað. Samkvæmt nýjum reglum sem tóku gildi um áramót, geta einungis geðlæknar, barna- og unglingageðlæknar, taugalæknar og barnalæknar sótt um lyfjaskírteini fyrir þá einstaklinga sem þurfa á lyfjunum að halda.

Samkvæmt landlækni benda fyrstu niðurstöður til þess að breyttu reglugerðirnar séu að bera árangur, þó fær enn nokkur fjöldi einstaklinga lyfjunum ávísað án skírteinis.

- sv









Tveir menn dæmdir í fangelsi fyrir fíkniefnasmygl í Héraðsdómi Reykjaness:

# Fluttu inn 1,5 kíló af kókaíni

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn, Andri Þór Valgeirsson og Guðmundur Berg Hjaltason, hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að standa saman að smygli á 1,5 kílóum af kókaíni til landsins. Andri Þór var dæmdur í tveggja ára fangelsi en Guðmundur í átján mánaða fangelsi.

Tollgæslan lagði hald á póstsendingu í janúar 2010 sem talin var innihalda maríjúana. Í framhaldinu var leitað í húsi á Snorrabraut, þar sem fannst íþróttataska með klippum sem á fannst hvítt efni sem talið var vera kókaín. Þar fannst einnig merkimiði af tösku sem sýndi að Guðmundur hafði komið frá Alicante á Spáni í nóvember 2009.



**HÉRAÐSDÓMUR** Andri Þór Valgeirsson var á síðasta ári dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að smygla, ásamt fleirum, 1,7 kílóum af kókaíni frá Spáni.

Guðmundur játaði kókaínsmygl hjá lögreglu og kvaðst hafa farið með töskuna til Andra. Í dómsal breytti hann framburði sínum og kvaðst hafa smyglað efnunum fyrir annað ónafngreint fólk. Andri kvaðst ekkert vita um málið. Dómurinn taldi breyttan framburð Guðmundar ótrúverðugan.

Í dómskjölum kom fram að Guðmundur hefði átt að fá 100 grömm af kókaíni og fíkniefnaskuld lækkaða úr 600 þúsundum í 200 þúsund fyrir ferðina. **- jss**

# Jarðvarmaklasanum sett tíu aðalmarkmið

**Um 20 íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa stofnað samstarfsvettvang um þróun íslenska jarðvarmaklasans. Mikil vaxtartækifæri eru talin til staðar í greininni en unnið verður markvisst að framþróun klasans á næstu misserum.**

**IÐNAÐUR** Stofnað hefur verið til formlegs samstarfs meðal fyrirtækja innan íslenska jarðvarmaklasans um framþróun og vöxt hans á næstu árum. Frá þessu var gengið formlega á fundi í Arion banka í gær en þar var einnig kynnt skýrslan Virðisauki í jarðvarma sem fjallar um klasann og þá möguleika sem í honum felast.

Stofnaðilar eru alls um 20 en meðal þeirra eru Landsvirkjun, HS Orka, GEORG, Mannvit, Íslandsbanki, Samtök iðnaðarins, KPMG og Arion banki.

Í skýrslunni eru skilgreind tíu samstarfsverkefni sem miða að uppbyggingu klasans á næstu árum. Höfundar skýrslunnar eru Hákon Gunnarsson og Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá fyrirtækinu Gekon.

Verkefnin eru af margvíslegum toga en þau miða meðal annars að því að auka samkeppnishæfni greinarinnar og verðmætasköpun í henni, auðvelda fjármögnun verkefna, stuðla að tækniframförum og styrkja ímynd landsins.

Verkefnin verða unnin á tímabilinu júlí 2011 til desember 2012 en þá verður árangur þeirra metinn og ákvarðanir teknar um frekari þróun samstarfsins.

Íslenski jarðvarmaklasinn var á síðasta ári kortlagður af Dr. Michael Porter og Dr. Christian Ketels í samvinnu við Gekon. Porter veitir forstöðu Samkeppnishæfnistofnun við Harvard Business School og er einn helsti fræðimaður heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfi þjóða. Porter flutti erindi á fundinum í gær.


**HÚSFYLLIR** Alls 60 ólíkir aðilar hafa komið að greiningu á íslenska jarðvarmaklasanum.

## Skilgreint sem landfræðileg þyrping

Hugtakið klasi er skilgreint sem landfræðileg þyrping fyrirtækja og stofnana á ákveðnu sviði, sem eiga sameiginlegra hagsmuni og stuðningsnet. Með klasa skapast ákveðin heild sem er mun sterkari en einstaka aðili hver í sínu lagi.

Niðurstaða greiningarinnar á jarðvarmaklasanum var að mikil tækifæri lægju í þróun hans á næstu árum og áratugum. Þá var bent á þrjú stór vaxtartækifæri. Fyrir það fyrsta að laða til landsins orkuháða starfsemi. Þá séu miklir möguleikar á útflutningi jarðvarmaorku verði lagður sæstrengur til Evrópu. Og loks sé töluverð sérfræðiþekking innan íslenska klasans sem flytja megi út.

Frá því að greiningin var kynnt í haust hefur verið unnið að mótun formlegs samstarfs sem nú hefur verið gengið frá.

**magnusl@frettabladid.is**



# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

Ný sending

# SINDRI

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 18.900

IBTGCAI9402

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" og 1/2" 4 - 32 mm
Djúpir toppar, kertatoppar,
bitar og fl.
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**16.900** m/vsk
Fullt verð 22.900

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

IBTJGAI4001

## SNITTTAPPA, OG BAKKASETT 40 STK.

Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari
Snitttappasveif
Snittbakkasveif



GOTT VERÐ

**9.900** m/vsk

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.

3/8" framlenging með
LED Ljósi fylgir frítt með
( Fullt verð 1.990 kr )





TILBOÐ

**26.900** m/vsk
Fullt verð 39.900

IBTGAAI1003
**SKRALLLYKLASETT 10 STK.**
Skralllyklar með lið
Verð 12.900 kr



IBTGAAI5801
**SKRÚFJÁRNS, OG BITASETT**
58 stk
Verð 11.900 kr



IBTGAAE1211
**FASTLYKLASETT 12 STK.**
6 - 19mm
Verð 5.900 kr



TILBOÐ



## VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM - 7 SKÚFFUR

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás



NÝTT BAKKAKERFI-
-SÉRSTYRKTAR
HLIÐAR OG BOTNPLATA

283 STK.



**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

Vnr. IBTGT-28305

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Grískir stjórnmálamenn kveiktu sjálfir í hagkerfinu. Nú er slökkviliðinu kennt um.

## Vandinn í raun

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður Heimssýnar, spurði í grein hér í blaðinu í gær: „Hver er í raun vandi Grikkja?“ Greininni lauk hann reyndar án þess að svara spurningunni, en helzt var á honum að skilja að vandinn væri í því fólginn að hið vonda Evrópusamband skipaði nú Grikkjum að skera niður ríkisútgjöld og einkavæða ríkisfyrirtæki.

Svarið við spurningunni um vanda Grikkja er að hann er heimatilbúinn. Ríkissjóður Grikklands var settur á hliðina með útgjöldum sem tekjurnar stóðu ekki undir og óhóflegum lántökum. Innganga Grikklands í Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU) og upptaka evrunnar átti þar enga sök, nema kannski þá að fjármagn varð ódýrara og stjórnmálamennirnir freistuðust þá til að taka enn meira af lánum.

Mótmæli almennings í Grikklandi eru skiljanleg að því leyti að fólk er orðið vant því að stjórnmálamenn kaupi sér vinsældir með ríkisútgjöldum án þess að athuga hvort eitthvað sé til inni á tékkheftinu. Það breytir ekki því að Grikkir eiga engan annan kost en að stemma af útgjöld og tekjur.

Hið landlæga gríska agaleysi við stjórn efnahags- og ríkisfjármála var frá upphafi í andstöðu við reglur Efnahags- og myntbandalagsins, sem setja skorður við hallarekstri ríkissjóðs og lántökum. Grikkir vissu nákvæmlega að hverju þeir gengu. Þeir svindluðu hins vegar á hagtölunum þegar þeir fengu inngöngu í EMU og tæki bandalagsins til að refsa ríkjum sem fara ekki eftir reglunum reyndust ekki duga.

Nú býsnast menn hér uppi á Íslandi yfir því að ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krefjist niðurskurðar og einkavæðingar í Grikklandi til að rétta stöðu ríkissjóðsins af og koma í veg fyrir greiðsluþrot. Þá gleymist gjarnan að geta þess að þessum skilyrðum, sem eiga að vinda ofan af heimatilbúnum vanda Grikkja, fylgja loforð um stórfellda fjárhagsaðstoð.

Þátttaka í myntbandalagi krefst aga í hagstjórn og ekki sízt að aðhalds sé gætt í ríkisfjármálum til að geta nýtt þau til sveiflujöfnunar ef áföll ríða yfir. Í tilviki Grikklands var það svigrúm ekkert.

Þeir sem í Evrópuumræðunni á Íslandi vara við „miðstýringartilburðum Brussel“ í efnahagsmálum, þ.e. að Evrópusambandið reyni að tryggja að evruríkin tileinki sér í reynd þann aga við hagstjórnina sem þau undirgengust í upphafi, eru í rauninni að lýsa því yfir að þeir hafi ekki áhuga á slíkum aga við hagstjórnina á Íslandi heldur. Ásmundur Einar Daðason er sjálfum sér samkvæmur í því – hann greiddi til dæmis atkvæði gegn fjárlögunum af því að honum fannst allt of langt gengið í að láta útgjöldin stemma við tekjurnar.

Hitt er svo annað mál að Ásmundur Einar og aðrir þeir sem þannig kenna slökkviliðinu um eldinn í Grikklandi eru gjarnan talsmenn þess að Ísland noti krónuna áfram. Þeir gleyma því flestir að ætli lítið ríki með eigin gjaldmiðil að tryggja atvinnulífinu sambærileg samkeppnisskilyrði og evran tryggir fyrirtækjum í ESB-ríkjunum krefst það jafnvel enn harðari aga við hagstjórnina. Sú gleymska er raunverulegt vandamál.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Meirihlutasannfæringin

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er ekki sannfærður um gildi vegtolla og telur að fyrir vegi landsins eigi að greiða úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Fólki kann að finnast hvað sem er um vegtolla, en Ögmundur hefur einfaldlega þessa skoðun og styður hana rökum. Að auki hefur ráðherrann hins vegar gripið til þeirra útskýringa á skoðun sinni að hann sé á móti vegtollum því hann „hlusti á þjóðina“. Ef rödd þjóðarinnar á að ráða í þessu máli, gildir það ekki einnig um önnur? Mun Ögmundur framvegis fylgja meirihluta þjóðarinnar í umdeildum málum svo sem um aðild að Nató og fleiri hitamál? Mun sannfæringin víkja fyrir skoðanakönnunum?



### Skinhelgi og landhelgi

Stjórnlagaráð leggur til að inn í stjórnarskrána komi ákvæði um mannhelgi. Fáir gleðjast líklega meira yfir því en fyrrum frambjóðendur Framboðsflokksins, sem bauð fram 1971 undir kjörorðinu „skinhelgi, mannhelgi, landhelgi!“ Nú vantar bara skinhelgina og landhelgina.



### Umræður um lögbrot

Sérkennileg umræða er farin af stað um spilavíti í Perluna og hefur Ásgeir Þór Davíðsson sagst vera í forsvari fyrir erlenda fjárfesta sem hyggja á framkvæmdina. Netheimar hafa logað í umræðum um málið og hefur Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra legið undir ámæli ýmissa; hann muni aldrei samþykkja gjörninginn. Þetta er skrýtin umræða. Starfsemin sem um ræðir er einfaldlega ólögleg og því væri skrýtið ef ráðherrann tæki hugmyndinni fagnandi.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Getum við náð góðum samningi við ESB?

ESB-aðild

Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við HÍ



Íslenskum stjórnvöldum hefur gengið misvel að semja við nágrannaþjóðir okkar. Samningar um útfærslu landhelginnar voru flestir vel heppnaðir en Icesave-samningarnir voru óásættanlegir að mati meirihluta þjóðarinnar. Þegar horft er til samningaviðræðna um bættan aðgang að mörkuðum Evrópu er stórmerkilegt hversu vel hefur tekist til.

Þetta á við um alla þrjá helstu samningana, þ.e. inngönguna í EFTA árið 1972, fríverslunarsamninginn við ESB tveimur árum síðar og aðildina að EES árið 1994. Það sama má segja um Schengen-samninginn. Íslendingar náðu nær öllum kröfum sínum fram í þessum viðræðum um bættan markaðsaðgang og verndun sjávarútvegs og landbúnaðar. Krafan um betra aðgengi að ákvarðanatöku innan Schengen náði einnig fram að ganga. Þetta gerðist hins vegar ekki átakalaust.

> Setji íslensk stjórnvöld hins vegar fram skýr samningsmarkmið og fylgi þeim eftir með góðum rökstuðningi er leiðin greið.

Það sýnir okkur hvers við erum megnug, hvers lítil þjóð er megnug, þegar hún hefur skýr samningsmarkmið og stendur fast á sínu. Þetta sýnir einnig að ríki Evrópu taka fullt tillit til hagsmuna okkar eins og á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar.

Þau reyna að sjálfsögðu að tryggja eigin hagsmuni í yfirstandandi aðildarviðræðum við ESB. Setji íslensk stjórnvöld hins vegar fram skýr samningsmarkmið og fylgi þeim eftir með góðum rökstuðningi er leiðin greið. Þetta á við um atriði eins og mikilvægi íslensks sjávarútvegs, eflingu byggðar og stuðning Seðlabanka Evrópu við íslensku krónuna áður en tekin verður upp evra. Við höfum söguna með okkur. Nú reynir á samninganefnd Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mikill ávinningur fyrir Ísland

ESB-aðild

Ágúst Hjörtur Ingþórsson
forstöðumaður Rannsóknaþjónustu HÍ



Þau merku tímamót áttu sér stað 27. júní sl. að formlegar samningaviðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu hófust. Opnaðir voru 4 af 35 köflum sem semja þarf um – og var tveimur þeirra lokið þegar á fyrsta samningafundi. Það voru kaflarnir um rannsóknir og vísindi og menntun og menningu. Skýringin á því hversu greiðlega gekk að ganga frá þessum köflum er sú að Ísland hefur tekið fullan og virkan þátt í samstarfi á þessu sviði allar götur frá árinu 1994. Þátttaka hefur verið mikil og árangur góður eins og hér verður rakið.

### 10 milljarða nettó fjárhagslegur ávinningur

Í súluritinu sem hér fylgir má sjá fjárhagslegt umfang þessa samstarfs eins og það snýr að Íslandi. Súluritið sýnir annars vegar þá styrki sem íslenskir aðilar hafa fengið til samstarfsverkefna á ýmsum sviðum og hins vegar þær fjárhagslegu skuldbindingar sem Ísland þarf að standa skil á. Tvennt er fréttnæmt í þessum tölum: annars vegar er umfang styrkja til íslenskra aðila sem numið hefur um 150 milljónum evra á tímabilinu (25 ma.kr. á gengi 2011). Hins vegar sú staðreynd að Ísland hefur öll árin greitt minna í þátttökugjöld en nemur styrkveitingum. Fyrir tímabilið í heild munar meira en 60 milljónum evra (10 ma.kr.) sem er nettó fjárhagslegur ávinningur af samstarfinu.

Úthlutaðir styrkir til íslenskra aðila og þátttökugjöld sem Ísland greiðir vegna þátttöku í samstarfsáætlunum ESB 1995-2010.

(Upplýsingum um úthlutanir styrkja til íslenskra aðila safnað saman af greinarhöfundi en tölur um greiðsluskuldbindingar Íslands fengnar frá EFTA.)

### Ávinningur umfram beina styrki

Styrkir til íslenskra aðila segja þó ekki alla söguna því aðgangur að þekkingu og samstarfi getur verið enn verðmætara. Sem dæmi má taka að á sl. 4 árum nema rannsókna- og þróunarstyrkir til íslenskra aðila um 26 milljónum evra (4 ma.kr.) til 112 verkefna. Hér er um verulega upphæð að ræða, sem sjá má af því að á sama tíma höfðu tveir meginsjóðir íslensks rannsóknasamfélags, Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður, samtals til ráðstöfunar 5,5 ma.kr. Heildarstyrkveiting ESB til þessara 112 verkefna er hins vegar 335 milljónir evra (55 ma.kr.), sem er 12 sinnum meira en styrkirnir til íslensku þátttakendanna – sem fá þannig beinan aðgang að miklu rannsókna- og þróunarstarfi. Líklegt er að það skili síst minni ávinningi en beinu styrkirnir og efli rannsókna- og þróunarstarf í landinu.

### Ávinningur fyrir stofnanir og einstök fyrirtæki

Stærsti einstaki íslenski styrkþeginn í rannsóknaáætluninni á síðustu fjórum árum er fyrirtækið Íslensk erfðagreining sem hefur fengið úthlutað um 8,6 milljónum evra í styrki (um 1,4 ma.kr.). Varla þarf að fjölyrða um að þetta hefur skipt máli í rekstri fyrirtækisins. Þessi árangur er einnig til marks um að fyrirtækið er að vinna að verkefnum sem þykja markverð og eru styrkhæf í opinni samkeppni við bestu fyrirtæki og stofnanir í Evrópu.

Næststærsti styrkþegi 7. rannsóknaáætlunar ESB er Háskóli Íslands sem á síðustu fjórum árum hefur fengið úthlutað meira en 6 milljónum evra (ríflega 1 ma.kr.). Það er mikilvæg viðbót við rannsóknafé skólans – sérstaklega á tímum mikils niðurskurðar – en ekki skiptir minna máli aðgengi að evrópsku rannsóknasamstarfi.

## Vísindasamstarf við Evrópu

**Úthlutaðir styrkir til íslenskra aðila og þátttökugjöld sem Ísland greiðir vegna þátttöku í samstarfsáætlunum ESB 1995-2010**

Tölur í milljörðum evra




### Ávinningur fyrir marga einstaklinga

Yfir 20.000 Íslendingar hafi tekið beinan þátt í evrópsku samstarfi síðustu 16 árin sem er umtalsverður fjöldi. Flóran er fjölbreytt: Frá þátttöku í rannsókna- og þróunarverkefnum til nokkurra ára, til náms við evrópska háskóla í eina önn eða starfsþjálfun í fyrirtæki um nokkurra vikna skeið til stuttra námsheimsókna t.d. um nýjungar í kennsluháttum. Allt hefur þetta bein áhrif á þekkingu og hæfni viðkomandi einstaklinga sem læra og þroskast og verða vonandi færari um að leggja sitt af mörkum til samfélagsins síðar.

### Breytist eitthvað við ESB aðild?

Sá árangur sem að framan er rakinn rennir stoðum undir þá fullyrðingu að mikill fjöldi Íslendinga hafi með beinum hætti notið ávinnings af evrópsku samstarfi og það eigi einnig við um stofnanir og fyrirtæki. Spurningin sem vaknar er því eðlilega sú hvort aðild að ESB hefði einhver áhrif á þetta samstarf – ef til aðildar kemur. Svarið er einfalt og á við um fleiri svið EES samstarfsins: við fengjum fullan aðgang og þátttökurétt í stefnumótun og ákvörðunum um forgangsröðun og áherslur við mótun nýrra áætlana sem við höfum ekki í dag þótt við getum verið styrkþegar.

### Fullgildir þátttakendur og höfum margt fram að færa

Reynsla síðustu 16 ára í evrópsku samstarfi á fjölmörgum sviðum færir okkur heim sanninn um tvennt. Annars vegar að íslenskir aðilar eru fullfærir um að standa sig vel í opinni evrópskri samkeppni þar sem sömu leikreglur og viðmið gilda fyrir alla. Okkur hefur gengið vel að sækja styrki og fáum þar meira en við leggum til. Hins vegar sýnir reynslan að við höfum margt fram að færa. Þetta má sjá í þeim mikla fjölda evrópskra nemenda sem sækist eftir skólavist við íslenska háskóla, á velgengni verkefna með íslenskri þátttöku og því í hve mörgum tilvikum íslenskar stofnanir hafa tekið að sér leiðandi hlutverk í krefjandi samstarfsverkefnum.

Þetta skiptir ekki síst máli í ljósi samninga um mögulega aðild Íslands að ESB. Við getum og eigum að ganga til slíkra samninga hnarreistir í fullvissu þess að við höfum margt fram að færa og að okkar samningsstaða sé því sterk.

Greinina má lesa í lengri útgáfu á Vísi.



# Á að efla doktorsnám á Íslandi?

Menntamál



**Sigríður Ólafsdóttir**
lífefnafræðingur, í háskólaráði HÍ

Nútímasamfélög krefjast æ meiri þekkingar til að takast á við flókin viðfangsefni. Krafa atvinnulífs, stofnana og stjórnsýslu um vel menntað starfsfólk eykst stöðugt. Þeim fjölgar sem kjósa háskólamenntun til að eiga betra tækifæri til að fá eftirsóknarverð störf.

Samfélög reka háskóla til að byggja upp og bæta samfélagið til framtíðar. Reynsla aldanna hefur sýnt að menntun og þekkingarsköpun leiðir til meiri lífsgæða og blómlegra lífs. Í Hagsýn, veftímariti Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá í desember sl., er bent á að menntun og nýsköpun auki hagvöxt og framleiðni til lengri tíma.

Hlutverk háskólanna er einkum tvenns konar; að mennta fólk á öllum aldri til starfa í samfélaginu og skapa nýja þekkingu með rannsóknum. Rannsóknir háskólakennara hafa líka það hlutverk að skapa vettvang til að þjálfa áhugasama nemendur í vinnubrögðum rannsókna. Ný þekking getur haft áhrif á þróun samfélagsins, orðið grunnur að nýjum atvinnutækifærum og nýsköpun, aukið skilvirkni og lagt drög að betra samfélagi. Í rannsóknanámi læra nemendur að skilgreina viðfangsefnið, setja fram tilgátu, prófa tilgátuna, komast að niðurstöðu og kynna niðurstöðuna fyrir alþjóðavísindasamfélaginu og nærsamfélagi sínu. Á sama tíma þjálfast nemendur í aðferðafræði greinarinnar, gera mælingar, meðhöndla talnasöfn, greina heimildir og stunda rökleiðslu. Á þessum vettvangi eru doktorsnemar þjálfaðir til að takast á við viðfangsefni framtíðarinnar, viðfangsefni sem enn hafa ekki litið dagsins ljós. Til að tryggja gæði doktorsþjálfunar verða rannsóknaverkefnin ætíð að standast alþjóðlegar gæðakröfur og vera hæfar til birtingar í vísindaritum sem gangast undir strangt, alþjóðlegt jafningjamat.

Sumir hafa gagnrýnt að íslenskir háskólar leggi áherslu á að þróa doktorsnámið og fjölga doktorsnemum. Sagt er að nemum sé hollast að sækja framhaldsnám til útlanda eins og þeir hafa gert lengst af. Það er að sönnu leið til mikils þroska að sækja nám til útlanda, kynnast nýrri menningu og margbreytilegum rannsóknaverkefnum. En án innlends doktorsnáms er ekki hægt að afla nýrrar þekkingar um verkefni sem eru Íslendingum mikilvæg. Dæmi um slík verkefni eru rannsóknir á íslenskum eldfjöllum og jarðfræði sem hlotið hafa viðurkenningu um allan heim. Enn fremur má telja verkefni sem tengjast lýsi og öðrum fiskafurðum, lyfjavirkum efnum úr íslenskri náttúru, erfðasjúkdómum, og rannsóknir á íslenskri sögu, bókmenntum og menningu. Sérstakur áhugi er nú á rannsóknum á áhrifavöldum efnahagshrunsins og hvernig stjórntæki gætu komið að gagni til að sagan endurtaki sig ekki. Minna má á að nýsköpunin sem fram fer innan Marels, Össurar, Actavis, Orfs og Marorku, til að nefna nokkur fyrirtæki sem eru vaxandi á alþjóðamarkaði, er knúin áfram af framlagi starfsmanna sem fengu vísindalega þjálfun í háskólum.

> Sagt er að nemum sé hollast að sækja framhaldsnám til útlanda eins og þeir hafa gert lengst af.

Verkefni eins og þau sem talin eru hér að ofan mynda verðugan vettvang til þjálfunar í öguðum vinnubrögðum vísindamanns. Til að halda uppi kraftmiklu vísindastarfi á Íslandi skiptir máli að sækja doktorsnema til annarra landa og fá þá til þjálfunar meðan þeir vinna að eflingu á íslenskum rannsóknum. Þannig skapast þekking innanlands og um leið geta Íslendingar endurgoldið umheiminum menntun dætra sinna og sona. Aðeins er hægt að skapa eftirsóknarverðan þjálfunarvettvang og laða erlenda nemendur til landsins ef gæði rannsóknanna og doktorsnámsins eru mikil á alþjóðamælikvarða.

Litlar þjóðir þurfa að beita hugkvæmni til að hafa roð við hagvexti stórra þjóða, Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína, sem eflist nú hröðum skrefum. Sú hugkvæmni byggir á að virkja fólk með þekkingu og nýjar hugmyndir til að auka grósku í atvinnulífinu. Þjóðir sem við berum okkur saman við leggja nú metnað sinn í að efla háskólastarf, einkum rannsóknir og framhaldsnám. Ef Íslendingar ætla á ný að öðlast öflugt atvinnulíf og verða samkeppnishæfir um vel menntað vinnuafl þarf að efla háskólanám og rannsóknir í landinu.

# Auglýsingaskrum Landsbankans!

Fjármál



**Jónína Óskarsdóttir**
bókavörður

Mikil var gleði mín og hvílíkur léttir þegar ég heyrði viðtal við bankastjóra Landsbankans, Steinþór Pálsson, í fréttum sjónvarps nýlega. Þar tilkynnti hann að tekin hefði verið um það ákvörðun í Landsbankanum að leiðrétta skuldamálin hjá viðskiptavinum bankans. Mig minnir að hann hafi sagt að það væri öllum í hag. Viðskiptavinir í skilum áttu að fá sérlega vinveittar móttökur og endurgreiðslu vaxta eitthvað aftur í tímann. Hvílíkur léttir!

Óvenjulétt á fjármálafæti fór ég í viðtal við minn ágæta þjónustufulltrúa í bankanum. Vildi fá að vita milliliðalaust hversu mikil fjárhæð „kona í skilum“ fengi vegna endurgreiðslu á vöxtum og jafnvel einhverja leiðréttingu á ofsaverðtryggðu láni.

Það kom í ljós að ég á ekki rétt á neinni lækkun lána. Gleðitíðindin fólust í því að veðsetningin er ekki yfir þeim prósentum sem Landsbankinn miðar við. Aukaatriði er það víst að eignahluturinn minn í íbúðinni hafi þurrkast út í hruninu. Lánið mitt sem ég tók fyrir 7 árum í Landsbankanum var kr. 12.400.000 en var í dag (27. júní) kl. 13.05; - kr. 18.063.364.

Von mín hafði verið að þær fimm milljónir sem ég átti í íbúðinni kæmu afkomendum mínum til góða.

Ég vissi þó að ég átti rétt á endurgreiðslu vaxta. Okkur þjónustufulltrúanum reiknaðist gróflega að það væru um það bil 240.000 krónur. Og hér kemur ástæða þess að ég sest niður og hamra hér á lyklaborðið. Þessar 240.000 krónur sem ég átti að fá endurgreiddar í vöxtum sem ég hef borgað ganga upp í höfuðstól lánsins! Sem sagt svokölluð endurgreiðsla sem ég átti rétt á fer bara í þennan sama botnlausa vasa Landsbankans. Hvort á að kalla þetta sjónhverfingar eða níðingsbragð þegar bankinn leyfir sér að hæðast að skuldaáþján landsmanna.

Þessar 240.000 krónur hefðu getað létt aðeins róðurinn hjá þessari láglaunakonu í skilum næstu mánuðina. Að vera í skilum með ofsa-vísitölutryggð lán – er ekki val heldur það sem maður neyðist til að gera því ekki er hægt að bæta lögfræðikostnaði ofan á afborganir sem fólk er að sligast undan. Guð hjálpi þeim sem eru með börn sem þurfa að fá að borða allan mánuðinn!

Nú vil ég biðja þá sem sterkir eru í stærðfræðinni að hjálpa mér að reikna út hvað þessi 240.000 króna „endurgreiðsla vaxta“ hefði orðið mikil hagræðing og skuldalækkun fyrir undirritaða; á mánuði næstu þrjátíu eða fjörutíu árin. Þá verð ég orðin 86 eða 96 ára gömul.

Vonandi fá þó einhverjir viðskiptaþræla Landsbankans leiðréttingu. Ég hvet alla; forðum okkur frá Landsbankanum – ef við getum. Við þessum tilfærslum á aurum segi ég – NEI TAKK! Þessari 240.000 króna tilfærslu getur bankastjóri Landsbankans Steinþór Pálsson troðið þangað sem aldrei skín ljós!

ENNEMM / SÍA / NM46672




SAMSUNG MINI
27.900 kr.
Símalán-afborgun: 2.620 kr. á mánuði dreift á 12 mánuði *
INNEIGN 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

SAMSUNG GIO
39.900 kr.
Símalán-afborgun: 3.620 kr. á mánuði dreift á 12 mánuði *
INNEIGN 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

SAMSUNG ACE
54.900 kr.
Símalán-afborgun: 4.870 kr. á mánuði dreift á 12 mánuði *
INNEIGN 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

siminn.is

*Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 295 kr./mán. **Gildir meðan birgðir endast.

# Verjum réttindi einkabankanna

Fjármál

Jón Þór Ólafsson
óformlegur talsmaður bankaeigenda



Allar tilraunir til að taka af einkabönkunum lögvarinn rétt þeirra til að búa til lögeyri landsins og dreifa því valdi á aðila sem eru ábyrgir gagnvart almenningi eru óábyrgar. Við leggjum því til að fulltrúar Stjórnlagaráðs leiði hjá sér tillögur IFRI, grasrótarfélags um fjármálaútbætur, þess efnis að „Lögeyrisvaldinu“ skuli dreift í Stjórnarskrá.

Ríkinu verður aldrei treystandi til að búa til lögeyri þjóðarinnar, eins og IFRI leggur til. Valddreifing og ábyrgð gagnvart almenningi mun ekki virka með þetta vald. Ríkið mun freistast til að gefa út of mikið af nýjum peningum með óðaverðbólgu í kjölfarið. Sumir segja að einkabankarnir freistuðust sjálfir til þess að búa til of mikið af nýjum peningum, sem blés út húsnæðisbólu og endaði í hruni, en það var Seðlabankanum að kenna.

Seðlabankinn var ábyrgur fyrir því að leyfa okkur að auka peningamagnið um tæp 400% á árunum frá einkavæðingu til hruns. Einkabankarnir eru aðeins ábyrgir gagnvart eigendum sínum, og þá aðallega okkur stóreigendum.

Í umræðunni og á Vísindavef Háskóla Íslands segir að þegar einkabankar búa til nýjar skuldir þá séu þeir í raun að búa til nýja peninga. Við viljum meina að þetta sé gott fyrirkomulag sem Seðlabankinn viðhefur. Fyrir því eru tvær megin ástæður.

Fyrri ástæðan: Við búum til nýja peninga sem skuldir. Skuldir eru góðar. Bankarnir okkar búa til nýja peninga með bókhaldsfærslu sem viðskiptavinir fá lánaða á vöxtum fyrir að veðsetja eignir sínar og vinnuframlag. Skuldsett fólk vinnur meira og fer síður í verkfall. Skuldsettum ríkjum er auðveldara að stjórna í krafti peninga.

Síðari ástæðan: Peningaútgáfan okkar rýrir kaupmátt króna sem eru í umferð og veldur því krónueigendum fjárhagsskaða. Þetta er gott. Fjárhagsskaðinn fær fólk sem á krónur til að losa sig við þær með aukinni neyslu og fjárfestingu, sem í gegnum bankakerfið þýðir meiri skuldir.

Þegar allt kemur til alls gæti Seðlabankinn alveg búið til alla nýja peninga skuldlaust og Alþingi ákveðið hver skyldi njóta góðs af þeim í fjárlögum. Aukning peningamagnsins um 3,3% myndi koma í veg fyrir allan niðurskurð ríksins í ár án hærri skatta.

En við bankaeigendur höfum staðið lengi í þessari réttindabaráttu og gerum það sem þarf til að verja réttindi okkar. Við höfum tryggt okkur réttinn til að búa til nýjar krónur, að upphæð sem sum ár slagar hátt í fjárlög ríkisins, og réttinn til að ráða hver nýtur góðs af þessum nýju peningum.

Við höfum í raun lögvarin réttindi til að skattleggja krónueign landsmanna með því að búa til nýja peninga sem við svo lánum landsmönnum aftur með vöxtum. Við eigum rétt á arði af öllu saman og ef einhver bankanna hrynur þá eigum við rétt á að kaupa skuldasöfnin á afslætti og halda áfram að innheimta að fullu.

> Aukning peningamagnsins um 3,3% myndi koma í veg fyrir allan niðurskurð ríksins í ár án hærri skatta.

Valdið til að búa til lögeyri landsins eru þau réttindi sem umfram allt annað hafa tryggt okkur þann auð og völd sem gerir okkur ráðandi í samfélaginu. En við erum ekki að biðja um stjórnarskrárvarnir. Þær væru of augljósar og eru þar að auki óþarfar meðan peningar hafa áhrif á úrslit kosninga. Þó að okkur væri óheimilt að borga í kosningasjóði eru þúsund aðrar leiðir fyrir peninga að hafa atkvæðavægi.

Skynsamt fólk skilur að peningarnir sem við búum til geta ýmist hindrað eða hjálpað metnaðarfullu fólki og almennt létt því lífið. Við skorum aðeins á fulltrúa Stjórnlagaráðs að nota skynsemina og sleppa því bara að ræða um lögeyrisvaldið.

Það er allt og sumt sem þið þurfið að gera til að standa vörð um réttindi okkar.

# Niðursoðnir útkjálkar

Byggðamál

Ingimundur Gíslason
augnlæknir í Svíþjóð



Frændi minn, Jóhannes Arason (1913-2009), og um tíma bóndi á Múla í Gufudalssveit í Barðastrandasýslu, vann marga vetur við saltfiskverkun í Grindavík. Fyrrum bóndi á Stóra-Vatnsskarði í Skagafirði, Benedikt Pétursson (1892-1964), fór ungur gangandi úr Skagafirði til skólavistar í Flensborg í Hafnarfirði. Framangreindar athafnir þessara manna eru góð dæmi um þann hreyfanleika sem um aldir hefur einkennt íslenska þjóð. Hreyfanleika sem meðal annarra er ein orsök þess að vart er hægt að tala um mállýskur í íslenskri tungu.

Íslenskum pólitíkusum er mikið í mun að varðveita það sem er, einkum þeim sem eru upp á atkvæði landsbyggðarinnar komnir. Þeir vilja til að mynda að byggðir strjálbýlis haldist áfram óbreyttar að íbúatölu og atvinnustarfsemi. Þetta kalla þeir byggðastefnu og hún virðist mega kosta næstum því hvað sem er. Hinir sem ekki búa úti á landi skulu borga brúsann.

Byggðastefnan felst aðallega í því að sjóða niður núverandi stöðu byggða úti á landi, leggja í krukku með formalíni, varðveita, konservera. Einn hluti nýlegs frumvarps Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra er á þessum nótum. Þar á að úthluta byggðakvóta til fiskveiða, talað er um línuívilnun og ég veit ekki hvað og hvað. Hugtök eins og hagkvæmni, arðsköpun, bætt lífskjör allra landsmanna eru þar aukaatriði. Formaður sjávarútvegsnefndar segir að samfélagsleg sjónarmið skipti ekki síður máli en þau hagfræðilegu. En í samfélagi hverra? Er niðursuða byggða við sjávarsíðuna samfélagsleg aðgerð? Spyr sá sem ekki veit.

Íslenskar sjávarbyggðir eiga betra skilið en að verða að eins konar rómantískum sælureitum fyrir útlenda ferðamenn, þorpum þar sem fáeinir smábátar leggja að landi í sumarblíðunni með nokkra fiska innanborðs. Eða að

> Íslenskum pólitíkusum er mikið í mun að varðveita það sem er, einkum þeim sem eru upp á atkvæði landsbyggðarinnar komnir.

unaðsreitum fyrir örfáa útvalda líkt og Petit Trianon var í Versölum á tíma Lúðvíks sextánda Frakkakonungs þar sem spúsa hans, Marie Antoinette, og hirðdömur hennar mjólkuðu kýr í tötrum sveitakvenna.

Stærsta, og raunverulega hið eina, byggðavandamál á Íslandi er það að landið haldist ekki í byggð sem þróttmikið samfélag framfara, hreyfanleika og blómstrandi mannlífs. Mikilvægt er að það takist að stöðva vaxandi atgervisflótta til útlanda og að ungt menntað fólk vilji búa á Íslandi.

Ísland má nefnilega ekki verða steinrunnið byggðasafn.








Ómissandi ferðafélagi

Hafðu með þér frábæran síma á ferðum þínum um landið í sumar og gerðu hverja stund að algjöru ævintýri. Hvort sem þú ferð í fjallgöngu, útilegu, veiði eða golf þá er rétti síminn ómissandi ferðafélagi.

SAMSUNG GALAXY S
79.900 kr.
Símalán-afborgun: 6.953 kr. á mánuði dreift á 12 mánuði *
INNEIGN 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

SAMSUNG GALAXY S II
109.900 kr.
Símalán-afborgun: 9.453 kr. á mánuði dreift á 12 mánuði *
INNEIGN 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

1.000 króna inneign á mán. í 12 mán.
Notaðu 1.000 króna inneignina sem fylgir með öllum þessum símum til að fara oftar á Netið í símanum, hringdu oftar og sendu fleiri SMS. Upplifðu meira Ísland með Símanum!**

Síminn

# tímamót

timamot@frettabladid.is



64 **ÁGÚST GUÐMUNDSSON** leikstjóri er 64 ára í dag

*„Það er orðið æ ljósara að menn gera ekki myndir á Íslandi nema með styrk.“*

## Merkisatburðir

1198 Páll Jónsson biskup lýsir yfir helgi Þorláks biskups Þórhallssonar fyrirrennara síns.

1613 Leikhús Shakespeares, The Globe í London, brennur til kaldra kola eftir að neisti berst úr fallbyssu við sýningu á Hinriki VIII.

1632 Gísli Oddsson er kjörinn Skálholtsbiskup á Alþingi.

1802 Fyrsti dómur Landsyfirréttar kveðinn upp.

1912 Nýja bíó í Reykjavík hefur kvikmyndasýningar á Hótel Íslandi.

1941 Flutningaskipinu Heklu er sökkt er það er á leið frá Íslandi til Bandaríkjanna.

1951 Ísland sigrar Svíþjóð í landsleik í knattspyrnu 4:3. Ríkharður Jónsson skorar öll mörk Íslands.

1952 Ásgeir Ásgeirsson er kjörinn forseti Íslands.

1960 Mannbjörg verður er flutningaskipið Drangajökull sekkur í Pentlandsfirði norðan Skotlands.

1964 Krabbameinsfélag Íslands opnar leitarstöð í Suðurgötu í Reykjavík.

1974 Isabel Perón verður forseti Argentínu eftir lát eiginmanns síns, forsetans Juans Perón.

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JÚNÍ 1941

## *Flutningaskipið Hekla skotið í kaf*

Á þessum degi árið 1941 var flutningaskipinu Heklu sökkt er það var á leið frá Íslandi til Bandaríkjanna. Kafbátur, sem líklega var þýskur, skaut tundurskeyti fyrirvaralaust að skipinu laust fyrir klukkan þrjú eftir hádegi. Skeytið olli gríðarlegum skemmdum og tók skipið að sökkva.

Á Heklu hafði verið 20 manna áhöfn en sjö komust lifandi á björgunarfleka sem var sæmilega búinn vistum. Dvölin á björgunarflekanum varð löng og ströng, sérstaklega vegna kulda og vosbúðar. Á fjórða degi skall á óveður sem stóð í tvo sólarhringa. Að því loknu komu skipverjar auga á stórt skip og skutu upp neyðarblysum. Það skip sneri frá sem þótti heppilegt síðar meir þar sem það var þýskt birgðaflutningaskip sem stuttu síðar var sjálft skotið niður.

Það var ekki fyrr en á tíunda sólarhringnum sem skipbrotsmönnum var bjargað um borð í breskt herskip. Þeir voru síðan fluttir til Kanada. Einn skipbrotsmannanna lést á leið til lands og því fórust í allt 14 skipverjar af Heklu.

**Heimild: Í aldanna rás**





**ALHLIÐA FERÐAÞJÓNUSTA** Eldhestar bjóða ekki aðeins upp á hestaferðir heldur einnig gistingu og mat.

**ELDHESTAR:** FAGNA 25 ÁRA AFMÆLI

# Hvergi nærri af baki dottnir

Aldarfjórðungur er nú liðinn síðan þrír vinir úr Ölfusi tóku sig saman og stofnuðu litla hestaleigu í útjaðri Hveragerðis og síðan á Völlum við Hveragerði, til að hafa eitthvað fyrir stafni á sumrin. Þá óraði þá ekki fyrir að hún yrði sú stærsta á landinu og heitið Eldhestar þekkt um allan heim.

„Upphaflega var hestaleigan nú bara hugsuð sem aukabúgrein með fáeinum hrossum og ferðum um svæði sem var ferðamönnum ekki aðgengilegt á annan hátt; nokkuð sem við félagarnir gætum dundað okkar við í skólafríum á sumrin. Svo urðum við smám saman að fjölga túrum samhliða vaxandi eftirspurn og áður en við vissum af hafði fyrirtækið þróast út í stórveldið sem það er í dag,“ minnist Hróðmar Bjarnason, sem hefur orð fyrir vinunum, þeim Sigurjóni Bjarnasyni, bróður sínum, og félaganum Þorsteini Hjartarsyni.

Ekki er annað hægt að segja en að það séu orð að sönnu. Hrossin eru orðin á fjórða hundrað talsins, ferðirnar fleiri og fjölbreyttari og búið að reisa gistiaðstöðu og nýtt hesthús á Völlum. „Eldhestar eru í raun ekki lengur bara hestaleiga heldur alhliða ferðaþjónusta sem býður jafnframt upp á mat og gistingu í hefðbundnu svefnpokaplássi og á Hótel Eldhestum, fyrsta Svans-vottaða hóteli landsins,“ útskýrir hann og segir standa til að opna reiðhöll árið 2012. „Hlutverk hennar verður að efla námskeiðahald utan vertíðar og styrkja markaðssetningu íslenska hestsins með sögulegri sýningu sem ferðamenn geta notið.“



**UNGUR Í ANDA** „Ég á mörg ár eftir hér, enda er uppbyggingin ennþá í fullum gangi,“ segir Hróðmar Bjarnason, einn eigenda Eldhesta.

Hróðmar tekur fram að þótt hestaleigan hafi sannarlega tekið stakkaskiptum og bjóði vikulangar ferðir um allt land séu hestaferðir um Hengilssvæðið enn kjarninn í starfseminni. „Þar er margar náttúruperlur að sjá, Reykjadal, Marardal og Kattatjarnir,“ bendir hann á og bætir við að boðið sé upp á allt frá klukkustundar löngum ferðum upp í nokkurra daga ferðir þar um. „Allt fer það eftir því hvað fólk vill gefa sér langan tíma í að njóta þess sem einstakt umhverfið hefur upp á að bjóða.“

Spurður út í afmælisplön segir Hróðmar að vegna anna muni þau þurfa að bíða um ár. „Þá ætlum við að gefa út myndskreytt kver með ágripi af sögu Eldhesta, sem er við hæfi þar sem þá munum við hafa starfað í 25 ár. Svo er aldrei að vita nema við sláum upp smá veislu,“ segir Hróðmar og kveðst hvergi nærri af baki dottinn þótt árin séu orðin þetta mörg. „Nei, ég á mörg ár eftir hér, enda er uppbyggingin ennþá í fullum gangi, þróunin ör og alltaf spennandi hlutir að gerast.“

**roald@frettabladid.is**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnhildur Oddný Guðbjörnsdóttir**

Hraunbæ 103, áður Hábæ 33,

andaðist í Holtsbúð 23. júní. Jarðsett verður frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Jónína Haraldsdóttir** **Vilhjálmur Albertsson**
**Stefanía Haraldsdóttir** **Halldór Ármannsson**
**Sigurður Már Haraldsson** **Rósa Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Oddný Jónsdóttir**

áður Sæfelli, Seltjarnarnesi,

sem lést 14. júní sl., verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 1. júlí kl. 15.00.

**Guðni Sigþórsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Guðrún J. Sigþórsdóttir** **Guðmundur Ingi Jónsson**
**Sigþóra O. Sigþórsdóttir** **Brynjar Sigtryggsson**
**Helga Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru*

**Soffíu S. Ó. Axelsdóttur**

**Pétur Axel Pétursson** **Þuríður Elísabet Pétursdóttir**
**Pétur Jökull Pétursson** **Guðmundur Ketill Guðfinnsson**
**Stefán Pétursson** **Védís Guðjónsdóttir**
**María Pétursdóttir** **Auður Alfífa Ketilsdóttir**
**Ásta Soffía Pétursdóttir**
**og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**María Finnsdóttir**

leikskólakennari,

lést sunnudaginn 26. júní sl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 5. júlí nk. kl. 13.00.

**Ragnar Hólmarsson**
**Svavar Ragnarsson** **Lillian Ragnarsson**
**Finnur Ragnarsson** **Harpa Dögg Kjartansdóttir**
**Kári Hólmar Ragnarsson** **Elín Ósk Helgadóttir**
**og barnabörn.**



†

*Yndislegi drengurinn okkar, bróðir og barnabarn,*

**Sindri Dagur Garðarsson**

Jörundarholti 202, Akranesi,

lést á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins að morgni 24. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 5. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarreikning nr. 552-14-601309 kt. 111177-5709.

**Garðar Garðarsson** **Guðleif Hallgrímsdóttir**
**Guðmundur Gestur Garðarsson**
**Dagný Björk Garðarsdóttir**
**Hallgrímur Hafliðason** **Sigurbjörg Þórðardóttir**
**Dagný Guðmundsdóttir**


2.990
Frábær tjöld, margar gerðir!
Vnr. 88015950
Tjald
Tveggja manna tjald.
Ezetil
Öllu tjaldað til í BYKO!
Gleðilegt sumar
Vnr. 88015952
Tjald 6.990
Þriggja manna tjald.
Vnr. 88015959
Tjald 15.990
Fjögurra manna tjald.
Vnr. 88015956
Tjald 19.990
Fimm manna tjald.
BYKO



Verð frá

Vnr. 88012341/4

**Vindsæng** 1.990

76x190x20 cm eða tvöföld 137x190x13 cm.



Vnr. 88012347

**Pumpa**

Fótstigin pumpa, 3000CC, 20 cm.

990



Vnr. 41118083

**Göngustafur**

EDCO göngustafur.

1.490



Vnr. 88015972/4

**Svefnpoki** 4.990

-5°, grár eða dökkblár. Stærð: 200x80 cm.



Vnr. 88015964/6

**Tjalddýna** 890

70x200 cm, svört eða ljósblá.



Hafðu það gott í allt sumar!

Vnr. 88098157-8

**Útilegustóll**

Útilegustóll, blár eða grænn.

1.490

# Allt fyrir útileguna!



Vnr. 41062382

**Útileguborð** 6.590

MDF útileguborð, stærð 60x80 cm.



Vnr. 88015715

**Vatnsbrúsi** 790

15 l.



Vnr. 41120298

**Strandmotta** 499

180x60 cm.



Vnr. 87911000

**Ketill** 2.490

1,8 l.



Vnr. 41130602-3

**Ketill**

COPCO VIENNA ketill, tveir litir.

3.490



Vnr.87991510

**Gashellur**

2 hellur án gasvara.

12.990



Vnr. 87921100

**Gaskútasett**

Gaskútasett, 190 g, 3 stk. í pakka.

990



**Nokkrir danskir og norskir flugvellir** munu bjóða upp á fría nettengingu. Í Noregi hefur þessi stefna verið í gildi frá í vor en Danirnir fella niður gjaldið í byrjun vetrar. Í Leifsstöð kostar nettengingin 490 krónur. www.turisti.is




Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473













Feðgarnir Gunnar Pálmi Pétursson og Jón Vilberg Gunnarsson eiga tvo af álitlegustu sportbílum Íslands.



MYND/HEIDA.IS

# Ákveðinn genagalli

Áhugi á kraftmiklum farartækjum blundar í fjölskyldunni og er líklega ákveðinn genagalli," segir Gunnar Pálmi Pétursson, bifvélavirki og fyrrum torfærukappi hlæjandi. Hann er nýbúinn að kaupa sér Mercedes Benz AMG sportbíl, þann eina hérlendis með sex strokka 360 hestafla vél, og sýndi flotta takta í spyrnukeppni Bíladaga á Akureyri nýlega. „Mig hefur lengi langað að vera á opnum bíl, það er visst frelsi sem fylgir því. Ég fann þennan á Ebay og tók skyndiákvörðun um að kaupa hann en það tók hálft ár að koma honum til landsins og ég er að læra á hann. Tókst ekki að nýta allt aflið í spyrnunni og spólaði hálfa leiðina."

Jón Vilberg, sonur Gunnars Pálma, fékk bikar á Bíladögum fyrir fegurð sinnar rauðu Chevrolet Corvettu. Hana keypti hann frá Texas þegar hann var sextán ára en þegar hún kom til landsins var hún í allt öðru ástandi en lýst var á netinu. „Það þurfti að taka hana alla í gegn, sprauta hana, gera upp vélina, skiptinguna og fleira og ég tók ekki fyrsta rúntinn á henni fyrr en tvítugur," segir Jón Vilberg sem er bifvélavirki og sjómaður og kveðst keyra Corvettuna svona 800 kílómetra á ári. „Þetta er sparibíll."

*gun@frettabladid.is*






**Citroën C5** er sá bíll sem erfiðast er að stela samkvæmt sænskri rannsókn á 120 nýjum bílum af ýmsum tegundum. Aðrir vel þjófavarðir bílar eru ýmsar gerðir Volvo, Audi, Volkswagen, Porsche, Renault, Seat og Saab. www.fib.is






Lakagígar eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs en deilur standa um samgöngur í þjóðgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samráðshópur farinn í sumarfrí

**Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði var stofnaður í vor vegna deilna sem staðið hafa um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Áætlað var að hópurinn myndi skila af sér í júní en hann fékk frest til haustsins. Á meðan helst allt óbreytt.**

„Það sem ákveðið var í stjórnunar- og verndaráætlun stendur óbreytt í sumar,“ segir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Miklar deilur hafa staðið um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem lögð var fram síðasta sumar og samþykkt í vetur. Í áætluninni var ýmsum leiðum lokað, meðal annars fyrir umferð ökutækja og reiðhesta, áfram er þó hægt að fara gangandi um svæðið. Hagsmunasamtökin Ferðafrelsi héldu „jarðarför ferðafrelsis“ síðasta haust í Vonarskarði til að mótmæla áætluninni.

Við undirritun stjórnunar- og verndaráætlunar óskaði umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, eftir því við stjórn þjóðgarðsins að frekara samráð yrði haft um samgöngumál. Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði var stofnaður í kjölfarið og samanstendur af fulltrúum níu hagsmunaaðila. Stefnt var að því að starfshópurinn myndi skila af sér í júní en frestur var veittur fram á haustið. Inntur eftir upplýsingum um starf samráðshópsins bendir Þórður á Þröst Olaf Sigurjónsson, ráðgjafa starfshópsins, sem stýrir vinnu hans.

Þröstur segir að lagt hafi verið upp með þrjá vinnufundi en meiri tíma þurfi til að vinna úr athugasemdum hagsmunaaðila og tillögum sem aflað var á fimmtíu manna samráðsfundi með hagsmunasamtökum í maí. „Núna er fólk einfaldlega komið í sumarleyfi og við tökum upp þráðinn eftir sumarið,“ segir Þröstur og bætir við að stefnt sé að því að halda áfram um miðjan ágúst. En hvað verður gert í sambandi við samgöngur á svæðinu í sumar? „Það er allt óbreytt en ég er nú ekki bestur til að svara því. Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri þjóðgarðsins, þekkir þetta betur.“

Þórður er inntur eftir því hvaða vinna fari fram vegna samráðs um samgöngur í Vatnajökulsþjóðarði í sumar þar sem samráðshópurinn sé kominn í sumarfrí. „Hópurinn er ekki búinn að skila af sér og vinnuáætlunin gerir ráð fyrir því að starfshópurinn skili tillögum til stjórnar í haust. Þröstur er með verkstýringuna og þau munu skila af sér,“ útskýrir Þórður sem segir líklegt að það dragist fram í nóvember að tillögurnar verði lagðar fram.

*martaf@frettabladid.is*

## Ekki bara ísbúð

EKKI AÐEINS ÍS ER Á BOÐSTÓLUM Í ÍSLANDUS ÍSBAR Á SELFOSSI.

Íslandus ísbar við Austurveg á Selfossi hefur upp á margt að bjóða. Fyrir utan ís má þar kaupa kaupa ýmsa minjagripi, lyklakippur, segla, lundafígúrur og ýmislegt sem tengist náttúruperlum landsins. Þar má einnig fá sérhönnuð öskubox sem innihalda ösku úr Eyjafjallajökli en þau eru vinsæl meðal ferðamanna.

Þeir sem eru á leið í matarboð og vantar eitthvað til að koma með geta nælt sér í kerti, servíettur eða fallega kaffibolla sem búið er að pakka fallega í sellófan og auðvelt er að grípa með sér.

Fjölbreytnin er enn meiri hjá eigendum ísbarsins því í hinum enda búðarinnar er rekin tískuvöruverslunin Basic plus sem selur kvenfatnað og leggur áherslu á vídd og stærðir.



Á Íslandus ísbarnum við Austurveg á Selfossi er hægt að kaupa ís og minjagripi.












# GÓLFEFNI

MIÐVIKUDAGUR **29. JÚNÍ 2011**

**Kynningarblað**

**Parket**
**Dúkar**
**Korkur**
**Teppi**
**Marmari**
**Flísar**






**„Algengt er að fólk flísaleggi svalir, verandir, tröppur og þess háttar fleti og þar bjóðum við upp á fullt af góðum lausnum, bæði í flísum og undirefnum," segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt á gólf á einum stað

**Álfaborg hefur í aldarfjórðung selt landsmönnum gólfefni og býður nú nánast allar tegundir, svo sem flísar, parket, teppi og dúka. Spennandi sumartilboð eru í versluninni um þessar mundir og margir sem koma í verslunina eru að huga að gólfefni utandyra.**

Gólfefnaúrvalið hjá Álfaborg er afar fjölbreytt en Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar, leggur áherslu á að verslunin bjóði upp á allar tegundir gólfefna en ekki bara flísar, þótt vissulega séu þær í miklu úrvali.

„Í dag seljum við flísar, parket, teppi, dúka og öll algengustu gólfefni, í öllum verðflokkum; bæði afar ódýr sem og dýrari vandaðar gerðir," segir Kolbeinn en sumargólfefnin eru í aðalhlutverki um þessar mundir enda ekki margir mánuðir hérlendis sem hægt er að nota í að flísaleggja utanhúss.

„Algengt er að fólk sé að flísaleggja svalir, verandir, tröppur og þess háttar fleti og þar bjóðum við upp á fullt af góðum lausnum, bæði í flísum og undirefnum. Í þessum framkvæmdum er nauðsynlegt að nota vatnsvarnarefni, til að verja eignina og koma í veg fyrir að úrfellingar myndist."

Í flísalagnir utanhúss býður Álfaborg upp á mikið úrval gegnheilla flísa, en þær eru heppilegri en glerjaðar þar sem þær verða ekki jafn hálar. „Svo eru grasteppin okkar gríðarlega vinsæl á sumrin, en þau eru til í mismunandi breiddum og við sníðum þau einnig eftir þörfum fólks. Grasteppin eru vinsæl á svalirnar og henta þeim vel sem leggja ekki í það að flísaleggja, en steinninn verður miklu skemmtilegri með grasteppinu og gefur ákveðna náttúrustemningu." Grasteppin eru á sumartilboði, kosta 1.450 krónur fermetrinn.

Sumarbústaðafólk er margt hvert að huga að gólfefnum í bústaðinn og í þeim efnum hefur Álfaborg margt að bjóða. „Algengt er að fólk velji flísar með viðaráferð, sem líta út eins og parket, á bústaðinn. Þá er líka töluvert um að fólk vilji viðarparket og svo er plastparketið alltaf að verða vinsælla og vinsælla, sérstaklega það sem lítur út eins og gólfborð."

Að lokum minnist Kolbeinn á óvenju gott tilboð á Tarkett-viðarparketi sem stendur yfir, þriggja stafa eik á 3.990 krónur fermetrinn. „Það er frábært verð fyrir sænskt gæðaparket með viðarlæsingu og mjög slitsterku lakki."



### FLÍSAR ÚTI OG INNI

**Gegnheilar flísar** eru góð lausn á svæði, bæði utan- og innandyra, þar sem mikið mæðir á, svo sem á svölum, veröndum og bílskúrum. Álfaborg er með gott verð á gegnheilum flísum, í stærðinni 30x30, en þær kosta aðeins 1.990 krónur fermetrinn og eru til í tveimur litum. Einnig er Álfaborg með öll efni sem nota þarf til flísalagna utanhúss. Starfsfólk Álfaborgar ráðleggur fólki við valið, en passa þarf að nota rétt efni við erfiðar aðstæður eins og utandyra.




### VINSÆLT Á GÓÐU VERÐI FRÁ TARKETT

**Woodstock harð/plastparket** frá Tarkett er mjög vinsælt gólfefni á góðu verði, aðeins 2.890 fermetrinn. Þrír litir eru til á lager hjá Álfaborg. Þeir eru hefðbundin eik, hvíttuð eik og dökk eik. Woodstock er 8 millimetra þykkt og er í háum styrkleikaflokki, AC4 Class 32, og er því bæði hentugt fyrir heimilið og atvinnuhúsnæðið. Einstaklega auðvelt er að leggja efnið, þar sem því er smellt saman bæði á langhlið og í enda.




**Birgisson**

Ármúli 8, 108 Reykjavík
516 0600, www.birgisson.is
Opið mán - fös 9 - 18



**Kährs**
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

**Vandaðu valið og veldu gæði**






# Fjölskyldufyrirtæki á gömlum grunni

Birgisson er ný og glæsileg gólfefnaverslun sem byggir á áratuga þekkingu, reynslu og hágæða vörum. Stofnendur og eigendur eru feðgarnir Birgir Þórarinsson, Egill Arnar Birgisson og Þórarinn Gunnar Birgisson.

„Við byggjum á áratuga þekkingu og reynslu, og höldum ótrauðir áfram með valinkunnu starfsfólki, enda vinnur maður ekki leikinn nema með því að stilla upp vinningsliði,“ segir Birgir Þórarinsson stjórnarformaður Birgisson við Ármúla, þar sem hann hefur rekið verslun hátt í þrjá áratugi.

„Við feðgar höfum ákveðið að hefja rekstur aftur á byrjunarreit, með sömu gæðamerkin og áður,“ segir Birgir sem hóf fyrstur innflutning á þekktum vörumerkjum eins og Kährs-parketti, Ringo-innihurðum, Ter Hürne-vegg- og loftþiljum, harðparketti og parketti, Buctahlflísum og hátískuflísum frá Casa Dolce Casa.

„Í Birgisson finna viðskiptavinir eitt mesta úrval landsins af parketti, flísum, loftaþiljum og hurðum, og metnaður okkar er að viðskiptavinir geti gengið að traustri og ábyrgri ráðgjöf starfsmanna sem verið hafa hjá mér í langan tíma,“ segir Birgir sem nú er með sex reynslumikla starfmenn í Birgisson.

„Ég hlakka til að halda áfram og vinna með fagfólki að uppbyggingu byggingariðnaðarins, en á sama tíma vil ég sjá stjórnvöld bakka upp atvinnurekendur og frumkvöðla þessa lands. Aðeins þannig komum við hjólum atvinnulífsins til að snúast á ný og því má ekki draga tennurnar úr athafnamönnum þannig að þeim séu allar bjargir bannaðar. Frekar ættu stjórnvöld að sýna þeim fáu sem hafa þor til að standa í eigin rekstri jákvæðni og hvatningu til að halda áfram. Þeir eru nefnilega ekki svo margir sem eru tilbúnir til að fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur,“ segir Birgir og vísar til kannanna viðskiptadeilda háskólanna á því hversu margir eru tilbúnir stofna eigið fyrirtæki.

„Frumkvöðlaeðli er sjaldgæfur eiginleiki og mannfólkið þannig gert að vilja öryggi í lífi sínu og lifibrauði. Því þarf að gefa frumkvöðlum tækifæri, búa til rétt umhverfi og gæta þess að skattleggja ekki svo óraunhæft að menn lifi ekki af. Þegar á móti blæs þurfum við á athafnafólkinu að halda, bæði til að sá í jarðveginn og skapa öðrum atvinnu, en á meðan ekkert er að gert fer ekkert í gang,“ segir Birgir.

Hann óttast einnig að þekking fagfólks í íslensk um byggingariðnaði fari forgörðum fari ekki að birta til á ný.

„Við megum ekki við því að missa fólk úr landi sem hefur aflað sér áratuga þekkingar. Það er dýrmætt íslensku þjóðfélagi og nauðsynlegt að halda þekkingu í landinu og miðla áfram til þeirra sem á þurfa að halda,“ segir Birgir sem þrátt fyrir allt er bjartsýnn á betri tíð.

„Hjá okkur geta viðskiptavinir gengið að gæðum og öryggi vísum, og treyst því að fá réttu svörin við spurningum sínum og vandamálum. Við erum ávallt með vandaða vöru á besta mögulega verði og með ábyrgð alla leið, ásamt því að vera fremstir í því að koma inn með nýjungar eins og við höfum alltaf verið þekktir fyrir,“ segir Birgir.



*Starfsmenn frá vinstri til hægri; Gísli, Þórarinn Gunnar, Birgir, Þorbjörn, Egill Arnar, Smári*



*Hurðadeild*

# Yfir milljón fermetrar af Kährs-parketi á gólfum Íslendinga

Fyrirtæki í eigu Birgis hafa selt yfir milljón fermetra af sænska gæðaparketinu Kährs á síðustu 25 árum.

„Ég var spurður af Kährs í Svíþjóð hvað við gerðum eiginlega við allt þetta parket, og ég svaraði því til að við notuðum það aðallega í eldivið,“ segir Birgir og hlær dátt að minningunni.

Velgengni Kährs-parkets á Íslandi á sér skýringar því parketið er framleitt í Svíþjóð þar sem kröfur um rakainnihald eru svipaðar því sem hér gerist.

„Íslendingar kynda hús sín meira en gerist og gengur á suðlægari slóðum og því þarf parket að vera sérstaklega þurrkað og með lágt rakainni hald, helst undir 7 prósent,“ útskýrir Birgir.

Nú eru fleiri en sextíu mismunandi tegundir af Kährs-parketi til sýnis hjá Birgisson efh, þar sem nú býðst planka- og þriggja stafa parket á sérstöku tilboðsverði.

„Hvíttað, mattlakkað og fínfasað planka parket er vinsælast nú og úrvalið einfaldlega ómótstæðilegt,“ segir Birgir.

Þess má geta að á vefsíðunni www.birgisson.is er auðvelt að fletta í gegnum myndabankann til að skoða úrval og upplýsingar.



*Flísadeild*

Casa dolce casa
ringo
ter Hürne
einzigartig wie das Leben
PERGO
original
DEUTSCHE STEINZEUG AGROB BUCHTAL
Við erum á facebook

**Bona Sprey Moppan**

Nýtt á Íslandi

- Auðvelt að fylla á.
- Rétt blönduð sápa.
- Skilur ekki eftir ský á gólfi.
- Hentar öllum gerðum af viðargólfum, flísum og gólfdúkum.
- Takmarkar vatn á parketi.
- Umhverfisvænt.
- Ofnæmisprófað.
- Yfir 1.500.000 stk seld í USA.



**Á tilboði í júlí og ágúst**

Innifelur: Sprey moppu, festiplötu m.rifslás, Örtrefjamoppu og ph hlutlausa sápu.

Gólfefnaval

**Gólfefnaval ehf** • Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 517 8000


# Gamalt verður sem nýtt

**Parketgólf slitna með tímanum rétt eins og hver önnur gólfefni. Gólfefnaval hefur um langt árabil boðið upp á heildarlausn í slípun og lökkun með umhverfisvænu parketlakki. Sífellt fleiri kjósa að endurslípa gamla parketið í stað þess að rífa það af og kaupa nýtt.**

Gólfefnaval leggur áherslu á heildarlausn á hreinsi- og viðhaldsvörum fyrir parket. Við höfum fundið mikið fyrir því undanfarið að fólk velur að endurnýja parketgólfin sín með slípun og lökkun í stað þess að rífa þau upp og leggja ný. Sumir kjósa að breyta um lit á gólfinu en aðrir velja hefðbundið lakk,“ segir Gunnar Þór Jóhannesson hjá Gólfefnavali.

Gólfefnaval flytur inn viðhaldsvörur fyrir allar gerðir parkets frá Bona í Svíþjóð. Bona hefur að leiðarljósi að vinna með og framleiða eins umhverfisvænar vörur og nútímatækni býður upp á.

Gunnar Þór segir viðhalds- og hreinsivörur frá Bona sífellt að sækja á. „Fólk er æ betur upplýst um hvað sé gott fyrir það og þess nánasta umhverfi. Tækni í framleiðslu umhverfisvæns lakks hefur aukist, það er slitsterkt og ekki eins lyktarmikið og margar aðrar gerðir lakks. Við bjóðum fólki að starfsmenn Gólfefnavals komi í heimahús eða fyrirtæki, þar metum við ástand parketsins og leggjum síðan til hvað hægt sé að gera og hvað sé hagkvæmast að nota á parketið. Þá eru einnig fáanleg efni eins og Bona Refresher og Bona Freshen Up sem fólk getur sjálft borið á parketið til að fríska upp á rispað og snjáð gólf og endurunnið gljáann á því án þess að slípa það,“ útskýrir Gunnar Þór.



Helena Ýr Gunnarsdóttir er starfsmaður Gólfefnavals. MYND/VILHELM

„Ef viðargólfið er hins vegar illa farið bendum við á fagmenn sem hafa fengið kennslu í meðferð þeirra efna sem Gólfefnaval býður upp á,“ heldur Gunnar Þór áfram. „Með þar til gerðum tækjabúnaði frá Bona getum við boðið upp á nánast ryklausa parketslípun eða 99,7% rykfrítt umhverfi. Rykfrí parketslípun sparar fólki og fyrirtækjum líka mikla vinnu við þrif eftir að parketið hefur verið slípað og lakkað. Það er mun ódýrara að endurslípa parketið en kaupa nýtt,“ segir hann.

Bona-ræstingarlínan er hluti af vöruþekkingu sem byggist á yfir 90 ára reynslu Bona í meðferð viðargólfa. Sápan er pH-hlutlaus og umhverfisvæn. Hana má í raun nota á alla hluti heimilisins s.s. hurðir, gler, innréttingar, málaða veggi og að sjálfsögðu á parketið og önnur gólfefni. Nýtt á Íslandi er Bona-spreymoppan sem er þægileg í notkun og er ætluð til að auðvelda öll gólfþrif og gera þau ánægjulegri. „Bona-spreymoppan er ávallt tilbúin og ekki þarf lengur að blanda sápu eða standa í vatnsburði. Eða eins og einn viðskiptavinurinn okkar sagði: „Ég þurfti að velja á milli þess að ráða mér konu til að þrífa hjá mér eða finna önnur úrræði, vegna giktar í höndunum. Eftir að ég kynntist Bona-spreymoppunni ræð ég sjálf við að þrífa allt,“ sem er einmitt hugmyndin á bak við Bona-spreymoppuna,“ segir Gunnar Þór. „Með Bona-spreymoppunni tryggir þú ávallt að lítið magn af vatni fari á yfirborð parketsins.“

„Allar vörur frá Bona fást hjá okkur í Gólfefnavali, Vatnagörðum 14,“ segir Gunnar, „en ræstingavörurnar fást einnig í Hagkaupum Garðabæ, Skeifunni, Kringlunni og í Smáralind“.




**EPOXYGÓLFEFNI**
**fyrir gólf sem mæðir mikið á...**



5000 GÓLF á fiskvinnsluna | 4000 GÓLF á bílskúrinn | 1500 GÓLF á verkstæðið | 700 GÓLF á lagerinn | 500 GÓLF á bílageymsluna





**Sími 617 8830**
**ssgolf@ssgolf.is**

SS Gólf ehf. EPOXY GÓLFEFNI




Starfsmenn SS Gólfa hafa langa reynslu af lagningu gólfefna.

# Henta vel á bílskúrsgólf, verslanir og fiskverkanir

**SS Gólf ehf. að Kársnesbraut 100 í Kópavogi sérhæfir sig í lagningu flot- og epoxy-gólfefna og steinteppa.**

Fyrirtækið SS Gólf ehf. var stofnað árið 2005 og hefur haslað sér völl í lagningu gólfefna fyrir matvælaframleiðslu, til dæmis í fiskvinnslu og sláturhúsum. Einnig hafa gólfefnin frá SS Gólfum reynst vel í bílskúrum, á svölum, hjá lyfjafyrirtækjum, í iðnaðarhúsnæði, eldhúsum og víðar.

Fyrirtækið sérhæfir sig í lagningu flot- og epoxygólfefna auk steinteppa. Epoxy-efni eru fúgulaus gólfefni með hátt efnaþol. Þau henta vel á gólf þar sem álag er mikið, en lokað yfirborðið kemur í veg fyrir að óhreinindi komist ofan í gólfið. Þannig er það auðvelt í þrifum og hentar vel á stöðum þar sem hreinlæti þarf að vera í góðu lagi, til dæmis í framleiðslueldhúsum og á spítölum.

Steinteppin eru einnig vinsæl og henta vel í sýningarsölum, verslunum, skrifstofum, á stigagöngum og öðrum stöðum sem þurfa slitsterk gólfefni. Steinteppin bjóða upp á möguleika á fjölbreytni en þau eru til í ýmsum litum og kornastærðum frá tveimur millimetrum upp í tólf millimetra.

> **Steinteppin bjóða upp á möguleika á fjölbreytni en teppin eru til í ýmsum kornastærðum og litum.**

Framkvæmdastjóri SS Gólfa er Sigurður Sigurðsson og leiðir hann vel valinn hóp starfsmanna fyrirtækisins. Margir starfsmannanna hafa allt að 25 ára reynslu í faginu og hafa unnið við lagningu gólfefna bæði hérlendis og erlendis. *Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.ssgolf.is*



# Gleðilegt sumar

Vnr. 87991529
**Matarstell**
MELAMINE matarstell, 16 stk.
**8.990**

Vnr. 87991527
**Útileguborð**
Útilegborð úr áli, 60x100 cm.
**13.990**

Ezetil
Vnr. 87741715
**Kælibox**
Kælibox, 30 l.
**4.990**

Vnr. 41120327
**Kælitaska** **1.390**
SWEET CANDY kælitaska.

Ezetil
Vnr. 87977142
**Kælibox** **11.990**
í bílinn, 25 l, 12V.

Ezetil
Vnr. 87977170
**Kælibox** **25.990**
með rafmagni, 12V, E40, 40 l.



Vnr. 87992045
**Lampi** **4.990**
Gaslampi.



**1.290**
Vnr. 41118346
**Ferðasett**
teppi og púði.





Vnr. 41120300
**Pottasett**
Pottasett fyrir útileguna, 5 stk.
**2.990**



HREINSIR OG KLÓSETTPAPPÍR FYRIR FERÐAKLÓSETT

Vnr. 87977157
**Ferða-klósett**
Ferðaklósett, 20 l.
**14.990**



Vnr. 41118186
**Botsía** **790**
6 boltar.

*Sumarið er tíminn!*



Vnr. 41118175
**Krikketsett**
fyrir 4 leikmenn.
**4.990**



Vnr. 41118178
**Barnagolfsett**
7 stk.
**990**



Vnr. 41120356
**Teningaspil** **399**
YATZY, 6 teningar, blokk, blýantur og yddari.



Vnr. 41120233
**Útileikur** **690**
SPEEDBALL leikur, 22x10 cm.

BYKO

Gleðilegt sumar

# Sniðugt fyrir útileguna!



Ferðagasgrill

**25.900**

Vnr. 50632115

## Gasgrill

COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35 cm. Stærð uppsett 104x46x33 cm, stærð samsett 10x46x87 cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, hitadreifiplata og lok. 3,6 kW.

Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!



*Ótrúlegt úrval af ferðagrillum!*

Ferðagasgrill



**12.990**

Vnr. 50632105

## Ferðagasgrill

MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37 cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6kW.



Ferðagasgrill

Vnr. 50652233

## Ferðagrill **26.900**

STERLING PORTA CHEF ferðagasgrill með efri grind. Grillflötur 32x48 cm. Slanga og þrýstijafnari fyrir stóra kúta.

# Gerðu bílinn kláran fyrir sumarið!



Vnr. 498059016

**Loftpressa 5.990**

fyrir bíla, hentar fyrir ferðalagið, 12 V.



Mikið úrval af sumardekkjum!




Vnr. 90521693

**Sjúkrapúði 3.990**

73 stk.

Þú nýtur bestu tilboðanna í BYKO með Viðskiptakorti BYKO




**20% afsláttur**

af sumardekkjum

Tilboðið gildir aðeins fyrir þá sem eru í BYKO klúbbnum.

## Mikið úrval af aukahlutum fyrir kerrur og tengivagna!

Vnr. 90300010

**Dráttarkúluhólkur**

**290**



Vnr. 90201001-2

**Tengivagnatengi**

hún eða hann, plast.

**590**



Vnr. 90253752

**Kerruljós**

fjórskipt, 103x108 mm.

**990**



Vnr. 90253720-2/30-2

**Glitauga**

á kerru, 100x50 mm eða 60 mm, rautt, hvítt eða gult, 2 stk.

Verð frá

**390**





Vnr. 90280950

**Nefhjól**

á kerru með festingum.

**3.990**



Vnr. 90280950

**Bretti**

á kerrur.

**8.990**



Vnr. 90322020

**Dráttarkúlutengi**

750 kg, ál.

**3.990**



Vnr. 90330500

**Baksýnisspeglar**

Framlengingar fyrir baksýnisspegla, 2 stk.

**3.990**

BYKO

Hönnun: EXPO/Prentun: Oddi/Ábyrgðarmaður: Jónas Gunnarson. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd/Kauptúni en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 774 5775.

**Sólpallasmíði Reykjavíkur**
Vönduð vinnubrögð og hagstætt verð. S. 772 0864.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

**BOGA ehf**
Byggingaverktakar

Öll viðhaldsþjónusta fasteigna ásamt ný framkvæmdum, Sumarhúsasmíði og sólpallagerð. Uppl í síma 820 0122 eða 897 4720

**Flísalagnir - Múrverk**

**Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.**

**Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð**
**Tímavinna og tilboð**

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

NEW!! LUXURY HIGH LEVEL MASSAGE, IN DOWN TOWN ANYTIME !s.899 5836

## Spádómar




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Til sölu




Málverkasafn úr dánarbúi til sölu. Málverk eftir Valtýr Pétursson, Guðmundur Einarsson, Sverrir Haraldsson, Eggert Guðmundsson, Karólína Lárusdóttir, Atli Már og Kjartan Guðmundsson. Selst á sanngjörnu verði S: 615-1771

Eldhúsborð og 4 stólar fást ódýrt. Electrolux ísskápur til sölu, með frysti. Safn handverkfæra fæst ódýrt. Falleg stór kommóða. Uppl. í síma 866 4108.

Ísskápar, þvottavélar, Eumenia m. þurrkara á 30þ. Stór ljósritunarvél á 10þ. Video á 5þ. Ryksuga á 5þ. Örbylgjuofn á 4þ. Stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar. Barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, ferðagasgrill á 8þ., S. 896 8568.

Kafarabúningur til sölu. Búningnum fylgir allt sem þarf, hentar fyrir menn undir 175cm. Uppl í s 892 9108

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Kínverskur læknir/nuddari í Hamraborg 20A. Nálastunga sem er gott fyrir heilsuna. Sími 564-6969

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Fyrir veiðimenn

**Þjórsá - Hvítá - Ölfusá**
Veiðinet fyrir veiðirétthafa. Heimavík ehf. 892 8655. heimavik.is

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Til leigu 4 herb. íbúð í Vesturbergi í Breiðholti. Langtímaleiga. S. 862 7504.

Herbergi til leigu með aðgang að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél í miðbæ Reykjavíkur. Uppl. í s. 661 5219.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

68 fm íb. í Vesturbæ Kópv. laus strax stutt í alla þjónustu, langtímaleiga v.110þ. uppl: 6929125

Falleg og rúmgóð 2 herb. íbúð (80fm) til leigu í 105 Reykjavík. Leigutími 2-3 mán, eða lengur. Aðeins reglusamir. (s. 865 6973 & 695 1917).

## Húsnæði óskast

Par með 10 ára gamalt barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu helst á Seltjarnarnesi en 107 kemur einnig til greina. Skilvísar greiðslur, reglusöm, reyklaus. Uppl. S. 860 0262.

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp. í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu helst í víkur eða staðarhverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.



**SUMARHÚS TIL LEIGU, GOTT VERÐ.**
Frábært sumarhús við Skagaströnd til leigu, aðeins 40 mín. akstur yfir í Skagafjörð, stutt á Landsmót. Upplýsingar í síma 892 5089.

## Gisting




**Gisting á Akureyri**
Björt og falleg fullbúin 4 herb. efri hæð í tvíbýlishúsi til leigu. Vikan á 78 þús. Helgin 45 þús. S. 770 5018.

## Geymsluhúsnæði



Einingargámur 180 fermetrar til sölu. Auðveldur í uppsetningu, til sýnis að Súðavogi 6 104 Rvík.Hæð : 3m. Breidd : 6m. Lengd: 30m.Verð 2,800,000 kr/án VSK Uppl. í s. 894 2503 & 511 1040.

Geyma búslóðir eða vörulager o.fl. uppl í s: 8933475

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Atvinna í boði

**115 SECURITY**

115 Security óskar eftir öflugu starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Óskum einnig eftir öryggisvörðum í almenna staðbundna öryggisgæslu. Lágmarksaldur 25 ár og sömu skilyrði og hér að ofan. 115 Security. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

**Pizza Hut**

**Vaktstjóri á Pizza Hut**

**Pizza Hut leitar af vaktstjóra í framtíðarstarf.**

**Starfið felst í: Stjórnun vakta, Þjónustu í sal,**

**Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.**

**Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum.**

**Lágmarks aldur er 25 ár.**
**Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is**

**Upplýsingar veitir Linda í síma 533 2000.**

Yoyo ísbúðirnar auglýsa eftir vaktstjórum. Æskilegt að viðkomandi sé 23 ára eða eldri með reynslu af sambærilegum störfum. Vinsamlegast sendið umsóknir á yoyo@yoyo.is

Óskum eftir að ráða vana menn við skipaafgreiðslu og einnig vana lyftaramenn. Í boði eru bæði framtíðar og hlutastörf á stór Reykjavíkursvæðinu. Áhugasamir sendi umsókn á klettur@kletturskip.is

Okkur vantar vanan kokk til að sjá um mötuneyti í Reykjavík í þrjár vikur. Upplýsingar í s. 892 2595

Óskum eftir smiðum helst verktökum og verkamönnum. Uppl. Magnús MG Hús S. 699 8128

Vantar vana múrara eða faglærða. S. 777 2722.

Vélstjóra með 1000 ha réttindi vantar á tæpl. 200tonna rækjubát. Uppl. í s. 892 5522.

## Atvinna

**TAL**

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR ÓSKAST TIL STARFA Í ÞJÓNUSTUVER

Tal leitar að þjónustufulltrúum sem vilja bætast í samheldinn hóp Talsmanna.

Starf þjónustufulltrúa gengur m.a. út á að þjónusta viðskiptavini í samræmi við þjónustu- og gæðastefnu Tals, símsvörun, sölu og tæknilega aðstoð.

**Talsmenn ...**
... eru þjónustulundaðir og jákvæðir
... hafa áhuga á tækni og nýjungum
... sýna frumkvæði, metnað og hugsa í lausnum
... eru snyrtilegir og stundvísir

**Menntun og hæfniskröfur**
– Hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg
– Almenn tölvufærni er æskileg
– Stúdentspróf eða sambærileg menntun er kostur
– Reynsla af störfum í fjarskiptum er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2011.**

Vinsamlegast sendið umsókn um starf þjónustufulltrúa á **atvinna@tal.is**, merkt „þjónustufulltrúi".
Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.

**MINNA BULL. MEIRA TAL.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, bróður, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ragnars Borg**

fyrrum ræðismanns og framkvæmdastjóra,

sem lést á dvalarheimilinu Grund 15. júní. Starfsfólki V3 á Grund viljum við þakka sérstaklega einstaka umönnun og kærleiksríka framkomu.

**Ingigerður Þóranna Melsteð Borg**
**Anna Borg**
**Anna Elísabet Borg** **Rein Norberg**
**Elín Borg** **Benedikt Hjartarson**
**Óskar Borg** **Berglind Hilmarsdóttir**
**Páll Borg** **Ingunn Ingimarsdóttir**
**Eva, Rakel, Thelma, Inga, Hildur Emma og Elín Ósk.**



*Föðursystir mín,*

**Ragnheiður Helga Vigfúsdóttir**

lést á Landspítalanum við Fossvog sunnudaginn 19. júní. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 1. júlí kl. 13.00.

**Dísa Sigfúsdóttir**
**Inga Jóna Sigfúsdóttir**
**Helgi Vigfús Karlsson**
**Lárus Jón Karlsson**
**Hallur Ólafur Karlsson**
**Þorgeir Bergsson**
**Halla Bergsdóttir**



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hafliði Þórður Magnússon**

rithöfundur frá Bíldudal,

lést á heimili sínu á Selfossi laugardaginn 25. júní. Minningarathöfn fer fram fimmtudaginn 30. júní í Laugardælakirkju kl. 11.00. Útförin fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 2. júlí kl. 16.00.

**Eva Þórarinsdóttir**
**Björk Hafliðadóttir** **Magnús B. Óskarsson**
**Sóldögg Hafliðadóttir** **Jónatan Hertel**
**Jóna Vigdís Evudóttir** **Sigþór Þórarinsson**
**Una Rós Evudóttir**
**og barnabörn**



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, dóttir og systir,*

**Brynhildur Ingadóttir**

lífeindafræðingur,
til heimilis að Fjallalind 88, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 24. júní, verður jarðsungin frá Lindakirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins eða líknardeild Landspítalans.

**Þorkell L. Magnússon**
**Margrét Stefanía Þorkelsdóttir**
**Guðrún Þorkelsdóttir**
**Friðrik Ó. Þorkelsson**
**Ingi Kristinsson** **Hildur Þórisdóttir**
**Þórir Ingason** **Þorbjörg Karlsdóttir**
**Kristinn Ingason** **Bergdís H. Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

# Byggðasafn Vestfjarða sjötugt

Fjörug dagskrá er fyrirhuguð í Byggðasafni Vestfjarða á laugardag en safnið fagnar þá 70 ára afmæli sínu. Svokölluð saltfiskveisla hefur verið árviss hefð hjá safninu en afmælinu og veislunni er slegið saman við Tjöruhúsið í Neðstakaupstað.

Meðal þess sem boðið verður upp á er rækja sem soðin verður í stórum potti, sem gestir geta pillað sjálfir, að ógleymdum sjálfum saltfisknum. Þá mun tónlistarmaðurinn Þórir Baldursson sjá um að leiða djasssveit en hefð er fyrir því að djasstónlist hljómi á hátíðinni.

Nú þegar hafa borist um 70 pantanir fyrir mat en skráning í veisluna er hjá Byggðasafninu í síma 896 3291 og á netfanginu jon@isafjordur.is **- jma**



Guðmundur Davíðsson, oddviti Kjósarhrepps, opnaði Kjósarstofu. MYND/KJÓSARSTOFA



**STÓRAFMÆLI Á LAUGARDAG** Saltfiskur og rækja eru í aðalhlutverki í afmæli Byggðasafns Vestfjarða.

# Opnun Kjósarstofu

Samfélags- og upplýsingamiðstöðin Kjósarstofa var opnuð á laugardaginn var í Ásgarði Kjós. Um 70 manns sóttu opnunarhátíðina.

Guðmundur Davíðsson, oddviti Kjósarhrepps, opnaði stofuna formlega eftir að stjórn Kjósarstofu hafði kynnt gestum starfsemi hennar. Í Kjósarstofu má sjá sýningu um SÓL í Hvalfirði, upplýsingar um Kjósina og kaupa handverk og bækur sem tengjast svæðinu.

Að opnun í Ásgarði lokinni safnaðist fólk saman við varðeld í Ólaskógi og bakaði brauð yfir eldi á meðan Steindór Andersen kvæðamaður flutti kvæði um Kjósina og ýmsar stemmur. Erla Stefánsdóttir sagði einnig frá vættum á svæðinu og Bjarki Bjarnason sagði nýjustu fréttir af Írafellsmóra. Ragnar Gunnarsson lék á milli atriða á harmonikku og gítar. **- rat**

# Nýjung á Héraði

Áætlunarferðir hefjast í dag á milli Egilsstaða og Végarðs í Fljótsdal og verður fram haldið daglega til 3. ágúst. Þrjár ferðir eru á dag, sú fyrsta er frá Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum kl. 7.30 en síðasta ferð úr Fljótsdal er kl. 16.45. Stoppistöðvar eru á Skriðuklaustri, við Hengifoss og á Hallormsstað. Ferðirnar eru hluti af klasasamstarfi til eflingar ferðaþjónustu á Upphéraði.

Hallormsstaður og Fljótsdalur státa af stærsta skógi landsins, næsthæsta fossinum, aflmestu virkjuninni, klausturminjum, menningarsetri og vistvænni gestastofu fyrir stærsta þjóðgarð Evrópu. Á svæðinu eru allar tegundir af gistingu, allt frá svefnpokaplássi og tjaldsvæðum upp í hótelsvítur og sumarhús. Þar er einnig að finna úrval gönguleiða, hesta- og bátaleigu og yfir sumarið eru starfræktir þar þrír veitingastaðir sem leggja áherslu á hráefni svæðsins, svo sem hrútaber, lerkisveppi og hreindýrakjöt.

Að klasasamstarfinu standa ferðaþjónustuaðilar á Hallormsstað og í Fljótsdal ásamt Landsvirkjun, Tanna Travel og Fljótsdalshreppi. Auk samvinnu um áætlunarferðirnar hefur klasinn gefið út sameiginlegan kynningarbækling á íslensku og ensku undir heitinu Njóttu lífsins við Lagarfljót.



**Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI** Gott er að njóta lífsins við Lagarfljót.



*Elskulegur faðir minn og afi,*

**Pétur Bárðarson**

vélstjóri,

lést á dvalarheimilinu Fellaskjóli í Grundarfirði föstudaginn 24. júní sl. Jarðarförin verður tilkynnt síðar.

**Ólafur Pétur Pétursson**
**Kristín Eva Ólafsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Georg Guðni Hauksson**

varð bráðkvaddur laugardaginn 18. júní sl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 30. júní kl. 15.00.

**Sigrún Jónasdóttir**
**Elísabet Hugrún Georgsdóttir**
**Guðrún Gígja Georgsdóttir**
**Tómas Kolbeinn Georgsson**
**Hrafnkell Tumi Georgsson**
**Jón Guðni Georgsson**
**Karitas Jónsdóttir** **Haukur Tómasson**
**Sigrún Hauksdóttir**

# Litadýrð í Ráðhúsinu

Einkasýning Huldu Hlínar Magnúsdóttur var opnuð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á laugardag og stendur til 10. júlí. Verkin einkennast af sterkum litasamsetningum og eru stór í sniðum.

Hulda Hlín nam málaralist við Listaakademíu Ítalíu (Accademia di Belle Arti) í Florens, Bologna, Feneyjum og Róm þar sem hún útskrifaðist með hæstu einkunn. Hún lauk auk þess mastersprófi í listfræði frá Bologna-háskóla. Hún hefur tekið þátt í samsýningum í Róm meðal annars í Obiettivo Pax í Museo della Fanteria (2004) og haldið einkasýningar í Listasal Iðuhússins (2011) og í Turninum Kópavogi (2010) svo dæmi séu nefnd.



**STERKIR LITIR** Verk Huldu eru stór í sniðum og einkennast af sterkum litasamsetningum.



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Jóhannsdóttir**

Bólstaðarhlíð 13, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. júní kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti Rauða krossinn eða Minningarsjóð Hrafnistu njóta þess.

**Jóhann Ólafsson** **Jeanne Miller**
**Sigrún Ólafsdóttir** **Helgi Bergþórsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# KANNT'AÐ PRJÓNA SOKKA?




Í bókinni *Sokkaprjón* eru 52 fjölbreyttar og skemmtilegar uppskriftir að sokkum á kríli, krakka, konur og karla sem henta bæði byrjendum og lengra komnum.

Ítarlegar munsturteikningar og nákvæmar leiðbeiningar sýna hvernig sokkarnir eru prjónaðir, lykkju fyrir lykkju, og á fjölda litríkra ljósmynda má sjá hvernig sokkarnir líta út eftir að fellt hefur verið af.

















GUÐRÚN S. MAGNÚSDÓTTIR
er handavinnukennari að mennt og hefur áratuga reynslu af prjónaskap.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** kusk, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** aðgæta, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** til viðbótar, **18.** niður, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** kringum, **4.** peningagræðgi, **5.** af, **7.** ólaglegur, **10.** viðmót, **13.** atvikast, **15.** sálar, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mér, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æsa, **19.** ðð.


MOSFELLSBÆR

*Í Mosfellsbæ búa rúmlega 8.600 íbúar og eru börn og unglingar fjölmennur aldurshópur. Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar hefur meðal annars með höndum verkefni samkvæmt, lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og barnaverndarlögum nr. 80/2002.*

**Staða félagsráðgjafa við félagsþjónustu við fjölskyldusvið Mosfellsbæjar**

Auglýst er laus til umsóknar staða félagsráðgjafa við félags-þjónustu á fjölskyldusviði frá 1. september 2011.

Umsækjandi þarf að hafa lokið MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf og hafa reynslu af vinnu við félagsþjónustu sveitarfélaga.

Starfið gerir kröfur um frumkvæði, skipulagshæfileika og hæfni til samvinnu. Laun eru skv. kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og Launanefndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknir berist skriflega til fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eigi síðar en 13. júlí 2011.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma 525-6700.

Unnur V. Ingólfsdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Þverholt 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



**Gísli Pálmi setur sig í gang**



POPP

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Ísland eftir ragnarök

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Það er fátt notalegra en að hoppa upp í flugvél um sumarnótt við Miðjarðarhafið, fá sér svo léttan blund í náttmyrkrinu og rumska ekki fyrr en nætursólin gægist yfir norðurheimskautið.

**ÞAR SEM** ég er svo brenndur af því að hafa verið hér á landi í hruninu ákvað ég síðan í geislum nætursólar að taka sérstaklega vel eftir því, meðan á dvöl minni stæði hér á landi, hvernig land og þjóð hefðu breyst frá því að örlaganornirnar veittu þeim þessar þungu lexíur.

**ÉG MAN** það vel að þegar allt var að fara á hvolf taldi ég fullvíst að ekkert yrði sem áður. Innra með mér var ég sífellt að kveðja þetta gamla, góða Ísland og bjó mig meira að segja undir að þurfa að ganga í lörfum þegar Levi's-buxurnar, sem ég keypti á vordögum 2005, væru úr sér gengnar. Ég drakk hvert rauðvínsglas líkt og það væri hið hinsta þar sem slíkur lúxus myndi hverfa í tómið með Íslandi hinu gamla.

**ÞAÐ VAR** alltaf verið að tala um að við myndum fara svona og svona langt aftur í tímann, rétt eins og líðandi stund væri einungis fyrir þá efnameiri. Ég var farinn að lesa Öldina okkar til að gera mér í hugarlund hvað við ættum í vændum. Þegar ég var síðan kominn að umfjölluninni um Thomsensbíl greip örlaganornin í stýrið og ég hélt af landi brott.

**SVO VAR** það hugarfarið sem átti að taka slíkum stökkbreytingum að ég var farinn að halda að eflaust þyrfti maður að kynnast sínum íslensku vinum og ættingjum upp á nýtt.

**NÚ ER** ég kominn til baka, hef meira að segja dvalið hér nokkra daga við rannsókn mína.

**ÞÓTT RANNSÓKNIN** sé enn á byrjunarstigi hef ég strax greint gífurlegar breytingar. Ég man til dæmis ekki eftir slíkum kulda í júnímánuði fyrir hrun. Síðan er Gillz orðinn skornari, eflaust vegna mikils samdráttar. En hvað sem þessum breytingum áhrærir hef ég nú þegar ákveðið hvað gera skuli næst þegar heimurinn virðist vera að farast. Þá ætla ég að minnast orða Nóbelskáldsins okkar þegar hann sagði: „Þegar öllu er á botninn hvolft, þá fer allt einhvernveginn, þótt margur efist um það á tímabili."

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



natracare®

*Náttúruleg vellíðan*

# ÞURRKUR KLÁÐI SVEPPASÝKINGAR?

Veltir þú fyrir þér hvað þú ert að nota á þitt viðkvæmasta svæði

**lífræn** dömubindi og tíðatappar

- án klórs
- án ilmefna
- án plastefna






HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Vatnaskógur
SKEMMTILEGAR SUMARBÚÐIR
- Nokkur laus pláss í sumar -



Nokkur laus pláss eru í eftirfarandi flokka:

**6. flokkur** 4. - 10. júlí, 7 dagar
10 - 12 ára (1999 - 2001)

**7. flokkur** - Ævintýraflokkur II
11. - 17. júlí, 7 dagar
12 - 14 ára (1997 - 1999)

**8. flokkur** 18. - 24. júlí, 7 dagar
10 - 12 ára (1999 - 2001)

**9. flokkur** - strákar og stelpur
Unglingaflokkur 2. - 7. ágúst, 6 dagar
14 - 16 ára (1995 - 1997)

**10. flokkur** 8. - 14. ágúst, 7 dagar
10 - 13 ára (1998 - 2001)

**11. flokkur** - strákar og stelpur
Eldri unglingaflokkur 15. - 19. ágúst,
5 dagar 16 - 18 ára (1993 - 1995)

KFUM KFUK
Nánari upplýsingar og skráning í síma 588-8899 og á vatnaskogur.is


# menning

menning@frettabladid.is



**MONTY PYTHON** Graham Chapman fór með titilhlutverkið í myndinni Life of Brian. Hann er fyrir miðju myndarinnar.

## Monty Python gerir mynd um Chapman

Eftirlifandi félagar úr grínhópnum Monty Python hyggjast gera teiknimynd í þrívídd um félaga sinn Graham Chapman, sem féll frá úr hvítblæði árið 1989.

Myndin byggir á æviminningum leikarans, A Liar's Autobiography: Volume VI, sem kom út 1980 og mun meðal annars innihalda hljóðbrot úr upplestri Chapmans úr bókinni skömmu áður en hann lést. New York Times segir myndina vera hugarfóstur framleiðendanna Bens Tremlett, Jeffs Simpson og Bills Jones en sá síðastnefndi er sonur Terrys Jones úr Monty Python hópnum.

Chapman sló í gegn í Bretlandi með félögum sínum John Cleese, Eric Idle, Terry Gilliam, Michael Palin og Terry Jones í sjónvarpsþáttunum Flying Circus á áttunda áratugnum. Hann lék Artúr konung í kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail og fór með titilhlutverkið í Life of Brian. Hann var eitt fyrsta frægðarmennið sem gekkst opinberlega við samkynhneigð sinni en glímdi aftur á móti við áfengissýki bak við tjöldin.

Myndin, sem verður frumsýnd í Bretlandi næsta vor, samanstendur af fimmtán teiknimyndaskeiðum í þrívídd og kemur Terry Gilliam væntanlega til með að hafa hendurnar í þeim. John Cleese leikur sjálfan sig, Michael Palin leikur föður Chapmans en Terry Jones les rullu móður hans. Eric Idle hefur enn ekki gefið upp hvort hann taki þátt í myndinni. Hann sagði eitt sinn að eina leiðin fyrir Monty Python til að koma saman aftur væri ef Chapman risi upp frá dauðum. „Við erum í samningaviðræðum við umboðsmanninn hans."

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 29. júní 2011**

**➔ Tónleikar**

**20.00** **Tríó Vadims Fyodorovs** heldur tónleika í **Gerðubergi**. Bandið spilar franska musett- og djasstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**20.00** Hljómsveitirnar **1860** og **Ylja** hita upp fyrir tónleikaferðalag um landið á **Café Flóru**. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Hljómsveitin **Sudden Weather Change** með tónleika á **Bakkus**. Aðgangur er ókeypis.

**➔ Leiklist**

**18.00** **Leikhópurinn Lotta** sýnir útileikritið **Mjallhvíti og dvergana sjö** í **hólmanum í Elliðaárdal**. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**➔ Opnanir**

**18.00** Ljósmyndasýning **Jóns Hilmarssonar** opnar í **Hans Petersen, Ármúla 38. Alexandra Chernyshova** flytur lög af nýjum geisladisk. Aðgangur er ókeypis.




WORLD PRESS PHOTO 11
16. júní - 7. júlí í Kringlunni
Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2010.
Kringlan NÝHERJI FRÉTTABLAÐIÐ JÓNSSON & LE'MACKS TNT Canon

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU YKKUR SIRKUS SÓLEY
SIRKUS ÍSLANDS KYNNIR
Ö FAKTOR
– ÞVÍ X ER EKKI NÓG!
SÝNT Í TJARNARBÍÓI Í JÚLÍ
NÆSTU SÝNINGAR
föstudaginn 1. júlí kl. 19:30 (frumsýning)
laugardaginn 2. júlí kl. 14 og 18
sunnudaginn 3. júlí kl. 14 og 18
SIRKUS ÍSLANDS TJARNARBÍÓ midi.is
MIÐASALA Í TJARNARBÍÓI, Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 527 2102




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

**Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM-nám) hefst við Háskólann í Reykjavík í haust. MPM-námið er hagnýtt stjórnendanám sem hentar þeim sem vilja stýra flóknum og krefjandi verkefnum hér á landi eða erlendis. Þeir sem ljúka MPM-námi fá alþjóðlega vottun IPMA (Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga).**

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla og æskilegt er að þeir hafi a.m.k. þriggja ára reynslu úr atvinnulífinu.



"The MPM programme has a technical and human compass which provides a truly holistic perspective and will engage students on all levels whatever their experience. It is a superbly practical education for those looking to develop their project management competence."

*Bob Dignen,*
*kennari í MPM-námi*



"It is important in project driven organizations to have employees with an in depth and nuanced understanding of project management. To manage a project is not just about following a standard procedure. A situational approach to handling the challenges when managing a project is essential for the success. The master programme enables you to develop such competencies."

*Morten Fangel,*
*PhD í verkfræði og kennari í MPM-námi*

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. ÁGÚST**

LÍFSGÆÐI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

**hr.is/mpm**






**16.000** **SÁ FJÖLDI TÓNLEIKAGESTA** sem sá Rihönnu detta á tónleikum sínum í Edmonton í Kanada. Hún var að flytja lagið What's My Name þegar hún datt fram fyrir sig, beint á andlitið.



**GEFA ÚT NUMBERS GAME** Fyrsta plata Péturs Ben og Ebergs nefnist Numbers Game þar sem blandað er saman poppi, rokki og elektróník. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Áreynslulaus nafnaleikur

**Fyrsta plata Péturs Ben og Ebergs nefnist Numbers Game. Þar blanda þeir félagar saman poppi, rokki og elektróník á aðgengilegan og fagmannlegan hátt.**

Pétur Ben og Einar Tönsberg, öðru nafni Eberg, hafa sent frá sér plötuna Numbers Game. Tónlistin er einhvers konar blanda af poppi, rokki og elektróník.

„Þessi plata kom mjög áreynslulaust. Það var mjög auðvelt að semja hana," segir Pétur, sem er hæstánægður með samstarfið við Eberg.

Þeir hafa hvor um sig verið áberandi í íslensku tónlistarlífi og hugsuðu margir sér gott til glóðarinnar þegar fregnir bárust af samstarfinu. Pétur gaf út sólóplötuna Wine For My Weakness árið 2006. Síðan þá hefur hann haft í nógu að snúast, unnið með Mugison, samið kvikmyndatónlist við Bjarnfreðarson og Foreldra og tekið upp plötur fyrir Bubba og Ellen Kristjánsdóttur. Eberg hefur gefið út þrjár sólóplötur, átt lög í erlendum auglýsingum og er annar hluti dúettsins vinsæla Feldbergs.

Þeir félagar kynntust árið 2005 eftir að Einar flutti heim frá Bretlandi. „Við kynntumst í lengsta „sándtékki" sögunnar á Iceland Airwaves," segir Pétur og hlær. „Við vorum að spila á sama tíma og José Gonzáles. Hann var þarna einn með gítar og tók sér góðan tíma í að fá hljóð á hann." Þeir ákváðu að einn góðan veðurdag skyldu þeir vinna saman og það tækifæri kom þegar Pétur var beðinn um að velja með sér listamann fyrir ótilgreint verkefni. „Ég valdi að tala við hann og það gekk rosalega vel. Við ákváðum að þetta skyldi ekki vera endirinn á okkar samstarfi og vildum reyna að gera EP-plötu eða stóra plötu. Svo varð ekkert úr þessu verkefni en platan er til," segir hann og segist vel geta hugsað sér að vinna aftur með Eberg.

